


Gísli og Páll Ásgeirssynir  
**BRÆÐUR Í ÚTIVISTARTRÚBOÐI**  
▶ 16



**BJÖRN LEIÐSÖGUMAÐUR  
FÓSTRAR YRÐLINGINN  
FUNA** ▶ 42



**NÝJA  
SENDIBÍLASTÖÐIN**

...á þínum vegum!

**568 5000**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**

20. júlí 2013  
169. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## HETJAN MEÐ HANSKANA

**Guðbjörg Gunnarsdóttir** hefur slegið í gegn með íslenska landsliðinu á EM í Svíþjóð. Þessi öflugi markvörður, sem fékk heilahimnubólgu í upphafi árs, hefur verið oftár á varamannabekk liðsins en í byrjunarliðinu á tæplega tíu ára landsliðsferli sínum. ▶ 18



MYND/NIKO G-SON



**SAFNAR FYRIR SIRKUS**

Eyrún Ævarsdóttir sirkuslistakona boðar þjóðaráttak og safnar fyrir sirkustjaldi. ▶ 42



**ALIN UPP Í KIRKJU**

Björg Þórhallsdóttir stendur fyrir tónlistarhátíð í Strandarkirkju í sumar. ▶ 32



**ILLA REKINN RÍKISSJÓÐUR**

Úttekt: Ef heimilið þitt væri rekið eins og ríkið væri fjölskyldan í vondum málum. ▶ 6



**HOLLAND & BARRETT**

**Heilsubúð í Smáralind**  
Mikið úrval • Frábær gæði • Betri verð

www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland

*freebird*  
**Útsala**  
50 % afsláttur



Spread the Love...

Íslensk hönnun

Laugavegi 46 s:571-8383  
WWW.FREEBIRDclothes.com



**Útsölu**  
brjálæði

Opið til  
kl. 18

Smáralind



**BORGIN ÁHUGASÖM UM HÆLISLEITENDUR 4**

Reykjanesbær og Reykjavíkurborg eru nú í viðræðum um móttöku hælisleitendur.

**NAUÐGAÐ OG DÆMD 6**

Norsk kona leitaði til lögreglu í Dúbaí vegna nauðgunar og var í kjölfarið dæmd í sextán mánaða fangelsi.

**LÁÐIST AÐ SENDA BRÉF 8**

Pýski fjárfestingarsjóðurinn Hanza Special varð af tæpum milljarði af því að láðist að senda formlegt kröfufylsingarbréf í bú Kaupþings.



Adalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara

„Það að námstíminn eigi að vera fjögur ár er alls ekki heilagt atriði í okkar augum.“ 6

**SKOÐUN 10****UM HÁA DÓMA OG LÁGA 10**

Er tímabært að setja spurninguna um millidómstig aftur á dagskrá? spyr Þorsteinn Pálsson.

**NÝFRJÁLST RÍKI Í 95 ÁR 10**

Mýtan um að Ísland sé nýfrjálst ríki hljómar ekki sannfærandi lengur, skrifar Ólafur Stephensen.

**HELGIN 12→24****MYNDAR NÓTT SEM DAG 12**

Sunna Ben hefur haft myndavélina með sér hvert sem hún fer síðustu sjö árin og skrásett lífið.

**Í KJÖRPYNGD MEÐ KÚLURASS 16**

Bræðurnir Páll Asgeir og Gísli Asgeirssynir eru ástríðufullir útivistartrúboðar, enda prestablóð í ættinni.

**BLÓMSTRAR Í MARKINU 18**

Guðbjörg Gunnarsdóttir átti stóran þátt í að koma kvennalandsliðinu í átta liða úrslit. Og hún er hvergi nærri hætt.

**SVIKAHRAPPAR 22**

Sjö af tíu fljótustu hlaupurum heims hafa fallið á lyfjaprófum.

**FETAR Í FÓTSPOR ANÍTU 24**

Dagbjört Lilja Magnúsdóttir, 13 ára, æfir langhlaup af kappi og ætlar sér að ná langt.

**MENNING 32→44****HELSTA AÐDRÁTTARAFLIÐ Í BLÁFJÖLLUM 42**

Yrðingurinn Funi hefst við við búðir ferðaþjónustufyrirtækisins Þríhnúka og tekur á móti erlendum ferðamönnum.

**SIRKUS SAFNAR FYRIR TJALDI 42**

Sirkus Íslands safnar fyrir sirkustjaldi á netinu. Tjaldið kostar litlar sex milljónir.

**SPORT 36→37****MARGRÉT LÁRA OG SARA UM-KRINGDAR SÆNSKUM BLAÐAMÖNNUM 36**

Margrét Lára Viðarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir eru eltar af blaðamönnum út í Svíþjóð.

**ÖGMUNDUR KRISTINSSON HEFUR FARIÐ Á KOSTUM Í SUMAR 37**

Ögmundur er leikmaður 11. umferðar Pepsi-deildar karla.

**FIMM Í FRÉTTUM ALPINGSMENN, TRÚMÁL OG KVIKMYNDIR**

Pétur Blöndal vakti athygli í vikunni þegar hann gagnrýndi harðlega stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir að vera ekki löngu búin að hækka iðgjöld, en staða sjóðsins er mjög slæm.



Baltasar Kormákur stendur í viðræðum við stórstjórnur á borð við Jake Gyllenhaal og Josh Brolin fyrir nýjustu kvikmynd sína, Everest. Sagði hann í fjölmiðlum í vikunni að tókur myndu hefjast í október á þessu ári.



Björt Ólafsdóttir rataði í fjölmiðla í vikunni eftir að hafa dottið af húspaki með þeim afleiðingum að tennur hennar brotnuðu og varir bólgnuðu, tíu dögum fyrir brúðkaup hennar.



Gunnar Þorsteinsson, eða Gunnar í Krossinum eins og hann er gjarnan kallaður, vill verða leiðtogi safnaðarins á ný eftir að hafa þurft að víkja fyrir nokkrum árum þegar hann var sakaður um kynferðisbrot gegn sjö konum.

→ Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir opinberaði á fimmtudag að hún hefði tekið þátt í „misnotkun á valdi“ þegar Sjálfstæðisflokkurinn í borgarstjórn gerði Ólaf F. Magnússon að borgarstjóra þrátt fyrir veikindi hans árið 2008.



# Erótískar útstillingar blasa við börnunum

Foreldrar barna á frístundaheimilinu Glaðheimum segja aðstæður óásættanlegar. Glugga- og viðhaldsleysi, umferð og erótísk verslun skapa óheilbrigt umhverfi fyrir börnin. Forstöðumaður segir breytingar í vændum eftir langvarandi fjársveldi.

**SKÓLAMÁL** Foreldrar barna á frístundaheimilinu Glaðheimum eru óánægðir með aðstöðu barnanna sem er lýst sem gamalli, ljótri og óhentugri. Kristín Helga Káradóttir, móðir drengs í Langholtsskóla, er orðin langþreytt á ástandinu og kallar eftir breytingum.

Hún segir sex til níu ára börnin þurfa að ganga um hálfan kílómetra yfir hættulegar umferðargötur.

„Það er ekki ásættanlegt að yngstu börn Langholtsskóla þurfi í stórum hópum að ganga í lok dags eftir mikilli umferðargötu, Holtavegi, og fara yfir fjórar götur á leiðinni, Langholtsveg, Efsta-sund, Skipasund og Sæviðarsund í öllum veðrum,“ segir Kristín.

Þegar í Glaðheimum taki ekki betra við. „Krakkarnir leika sér við óhentugar aðstæður í gluggalausum búningaklefum í húsnæði sem hefur ekki verið haldið við árum saman.“

Þá er Kristín óánægð með að erótísk verslun sé beint á móti frístundaheimilinu þar sem gínum í erótískum klæðnaði er gjarnan stillt upp í gluggum.

Haraldur Sigurðsson, forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri sem rekur Glaðheima, tekur undir með Kristínu að húsnæði sé að vissu leyti ekki hentugt.

Þá hafi langvarandi fjársveldi orðið þess valdandi að nauðsynlegu viðhaldi hafi verið slegið á frest árum saman. Það standi þó til bóta nú.

„Þau mál eru loksins komin í horf. Framkvæmdir eru byrjaðar. Viðhald í húsinu hefur ekki verið gott vegna niðurskurðar og foreldrar eru eðlilega ekki ánægðir með það. Núna er verið að breyta húsnæðinu og aðlaga það starfsemi inni sem er í húsinu.“

Haraldur tekur undir það að óheppilegt sé að frístundaheimilið sé gegnt erótískri verslun, en hann bendir þó á að verslunareigandinn hafi brugðist við beiðnum um hófstiltari gluggaústillingar.

Haraldur vonast til þess að til lengri tíma verði hægt að færa starfsemi í hentugra húsnæði nær skólanum.

„Það er til skoðunar hvort hægt sé að byggja við Langholtsskóla, en það liggur ekkert fyrir í þeim efnum,“ segir hann.

johanness@365.is



GLAÐHEIMAR Foreldrar eru óánægðir með aðstöðuna í Glaðheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

☞ Krakkarnir leika sér við óhentugar aðstæður í gluggalausum búningaklefum í húsnæði sem hefur ekki verið haldið við árum saman.

Kristín Helga Káradóttir  
móðir drengs í Langholtsskóla

Eigendur tveggja kampavínskúbba kera ummæli Steinunnar og Bjarkar:

## Björk segist standa við orð sín

**DÓMSMÁL** Eigendur kampavínsstaðanna tveggja, sem fjallað hefur verið um undanfarið, hafa stefnt borgarfulltrúanum Björk Vilhelmsdóttur og Steinunni Gyðu- og Guðjónsdóttur, forstöðukonu vændisathvarfsins, vegna ærumeiðandi ummæla.

Konurnar lýstu því í viðtölum við fréttastofu að svo virtist sem vændi og mansal færi fram í tengslum við staðina.

Farið er fram á opinberar afsökunarbeiðni og greiðslu miskabóta upp á eina milljón króna frá hvorri þeirra til hvors stefnanda. Þær hafa frest fram á mánuðaginn, ella verður höfðað mál.

„Því er alfarið hafnað að þarna fari eitthvað fram sem er í andstöðu við lög og rétt. Það er öllum



VILHJÁLmur H. VILHJÁLmsson



BJÖRK VILHELMSDÓTTIR



STEINUNN GYÐU- OG GUÐJÓNSDÓTTIR

velkomið að mæta á þessa staði og kanna það af eigin raun,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður eigendanna. Hann segir jafnframt að ásakanir um vændi og mansal hafi verið hafðar uppi áður í fjölmiðlum og Hæstiréttur hafi dæmt þau ummæli dauð og ómerk. „Enda voru þetta hreinar

og klárar ærumeiðingar eins og ummælin eru í þessu tilviki,“ segir hann. Björk Vilhelmsdóttir kveðst hissa vegna stefnunnar. „Ég sagði að allt benti til þess að verið væri að selja aðgang að konum; 20 þúsund fyrir hverjar tíu mínútur og það er ekkert annað en vændi. Þessar konur eru ekki að spjalla við mennina því þær tala hvorki íslensku né ensku. Þetta er bara kynlífsþjónusta og það er vændi. Þannig að ég held ég standi bara við þau orð,“ segir Björk. - hp, mlp

**Frón**  
**Bitinn**  
Súkkulaði-bitakökur

NÝTT  
góðgæti frá Frón

www.fronkex.is

kemur við sögu á hverjum degi





## ALLIR MEÐ Í STÆRSTU LISTSÝNINGU LANDSINS

### GÖTUSÝNINGIN 2013

Í tilefni Menningarnætur efnir Arion banki til stærstu listsýningar landsins. Myndir af 500 verkum verða sýndar á götuskiltum höfuðborgarsvæðisins dagana 20.-27. ágúst.

#### Taktu þátt!

Hefur þú teiknað, málað, mótað, prjónað, hannað?  
Öllum er velkomið að taka þátt í sýningunni.

Það er einfalt að vera með, finndu verk eftir þig eða gerðu nýtt og taktu af því ljósmynd. Skráðu síðan verkið á arionbanki.is.

Opið fyrir þátttöku til 9. ágúst 2013.



14.07.2013 → 20.07.2013

**150**  
**púsund**

tonn veiddu Íslendingar af makríl á síðasta ári. Það eru um 16 prósent af ráðlögðum heildarfla.

**24.147**

krónur er meðalfærsla á kortum kínverskra ferðamanna hér á landi.



**95** Nelson Mandela náði

þessum aldri í vikunni, þungt haldinn á sjúkrahúsi.



**3,9%** var atvinnuleysið hér á landi í júní.



**5 ár**


þarf rússneski stjórnarandstæðingurinn Alexei Navalni að sitja í fangelsi.



**8** ríkisstofnanir hafa ítrekað farið fram úr fjárlögum, samkvæmt nýrri skýrslu ríkisendurskoðunar.



**50 km** hámarkshraði er á Meðalfellsvegi í Kjós þar sem íbúar vilja koma upp hraðahindrunum.



**1.299** hreindýr verða veidd á Íslandi í sumar, 623 kýr og 606 tarfar.



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Júlíus Vífill sendi fundarboð:

## Vildi funda um orð Þorbjargar

**STJÓRN MÁL** Júlíus Vífill Ingvarsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, vildi funda með Sjálfstæðismönnum í borginni vegna viðtalsins við Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa sem birtist í Nýju lífi í gær.

Vegna sumarleyfa tókst hins vegar ekki að blása til fundar en samkvæmt heimildum fréttastofu hitti Júlíus Vífill þó þrjá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins yfir kaffibolla vegna málsins.

Þorbjörg Helga sagði í viðtalinu að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hefðu misnotað vald og nýtt sér veikindi Ólafs F. Magnússonar til að komast til valda í borginni.

Vitni gáfu sig fram:

## Stúlkan hefur lagt fram kæru

**LÖGREGLUMÁL** Konurnar sem lögreglan á Suðurnesjum leitaði að í vikunni í tengslum við nauðgunar-rannsókn hafa gefið sig fram.

Konurnar tóku unga konu upp í bíl sinn í Hafnargötu í Reykjanesbæ og keyrðu hana heim til sín aðfaranótt 30. júní síðastliðins, en henni hafði verið nauðgað.

Stúlkurnar tvær gáfu sig fram eftir að lögreglan óskaði eftir því í fyrradag Skýrsla verður nú tekin af stúlkunum tveimur í tengslum við rannsókn málsins.

# Ríkið vill fleiri sveitarfélög í samstarf um hælisleitendur

Reykjanesbær og Reykjavíkurborg eru í viðræðum við ríkið um móttöku hælisleitenda. Ríkið vill að sveitarfélögin tvö hýsi samtals 100 en fleiri sveitarfélög taki einnig þátt. Mál 150 hælisleitenda eru til meðferðar í dag.

**FÉLAGSMÁL** Innanríkisráðuneytið hefur sent öllum sveitarfélögum landsins bréf þar sem óskað er eftir samstarfi við áhugasöm sveitarfélög um móttöku hælisleitenda, sem Reykjanesbær mun hætta að taka á móti 1. október.

Í bréfi ráðuneytisins segir að vegna aukins fjölda hælisleitenda þurfi að semja við fleiri sveitarfélög en Reykjanesbæ um móttöku hælisleitenda. Bréfið var sent út 10. júlí síðastliðinn, og hafa engin svör borist enn samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu.

Reykjanesbær hefur hingað til tekið á móti öllum hælisleitendum sem koma hingað til lands og er bærinn nú með 151 hælisleitanda á sínum snærum, segir Hera Ósk Einarsdóttir, staðgengill félagsmálastjóra í Reykjanesbæ.

Bæjaryfirvöld höfðu tilkynnt innanríkisráðuneytinu að ekki yrði tekið á móti fleiri flóttamönnum eftir 1. júlí síðastliðinn. Hera segir að fresturinn hafi nú verið framlengdur til 1. október til að gefa ráðuneytinu svigrúm til að endurskipuleggja málaflokkinn.

„Við verðum áfram með þjónustu við hælisleitendur en við getum ekki þjónustað svona marga,“ segir Hera. Bærinn ráði með góðu móti við á bilinu 50 til 70 hælisleitendur.

„Við höfum lýst okkur reiðubúin til að hýsa hælisleitendur í Reykjavík,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs borgarinnar. Samningaviðræður við innanríkisráðuneytið fóru af stað síðasta haust en hafa litlu skilað hingað til.

Nú virðist kominn skriður á viðræðurnar því innanríkisráðuneytið hefur óskað eftir því að borgin taki við 50 hælisleitendum, segir Anna Kristjánsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar. Talað sé um svipaðan fjölda hjá Reykjanesbæ og tíu til tuttugu hjá öðrum sveitarfélögum.

Anna segir að nú sé beðið eftir næstu skrefum frá ráðuneytinu. Semja þurfi um krónur og aura, auk þess sem ákveða þurfi hvaða verklag eigi að viðhafa.

brjann@frettabladid.is



**HÝSTIR** Hælisleitendur hafa hingað til verið hýstir í Reykjanesbæ, flestir í húsnæði Fithostels í Njarðvíkum. Húsnæði bæjarins er löngu sprungið og hefur bærinn þurft að hýsa flóttamenn í öðrum sveitarfélögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ekki vandamál sem hverfur

Íslendingar verða að takast á við aukinn fjölda flóttamanna, enda benda allar spár um flutninga fólks milli svæða í heiminum til þess að flóttamönnum muni fjölga áfram, segir Anna Kristjánsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar. „Þetta mun verða viðvarandi ástand, þetta er ekkert sem gengur yfir,“ segir Anna.

„Þetta er hópur sem krefst talsverðrar þjónustu, jafnvel fólk sem hefur búið á stríðshráðum svæðum og búið við mikla ógn,“ segir Anna. Koma þurfi upp sérfræðipækkingu til að takast á við þarfir fólksins, auk þess sem útvega þurfi húsnæði. Hún segir ekki skynsamlegt að koma öllum fyrir á sama stað, huga þurfi að þörfum mismunandi hópa flóttamanna.

*Dinnmjúkar brúðargjafir*


**Úrval brúðargjafa á tilboðsverði**

**Lin DESIGN**

Lin Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri lindesign.is

## Veðurspá


Gildistími korta er um hádegi



**RJÓMABLÍÐA** NA-lands næstu daga, bjart með köflum og hiti að 25 stigum á morgun. Hlýnar í veðri SV- og V-til en áfram skýjað að mestu og dálítill væta næstu daga, hiti 10-17 stig.

Alicante 31°	Billund 28°	Gautaborg 23°	London 24°	Orlando 30°	San Francisco 20°
Basel 30°	Frankfurt 28°	Kaupmannahöfn 23°	Mallorca 35°	Ósló 27°	Stokkhólmur 21°
Berlín 25°	Friedrichshafen 28°	Las Palmas 25°	New York 31°	París 30°	

**Mánudagur**  
Fremur hægur vindur.



**Snjólaug Ólafsdóttir**  
veðurfréttamaður



# FERÐAVAGNINN

## FÆRÐU HJÁ OKKUR!

AFMÆLISTILBOÐ



### Ægir-Tjaldvagn

+ Fortjald + Dúkur + Yfirbreiðsla  
Verð kr. 1.442.700.  
Afsláttur kr. 352.700.

Afmælistilboð kr. 1.090.000.

MEÐ ÖLLUM HJÓLHÝSUM  
FYLGIR AUKAHLUTAPAKKI  
AÐ VERÐMÆTI  
KR. 250.000.



### PALOMINO Yearling - 10 feta

Verð kr. 2.590.000.  
Afsláttur kr. 300.000.

Afmælistilboð kr. 2.290.000.



**SEGLAGERÐIN ÆGIR**

Par sem ferðalagið byrjar

TIL ÞJÓNUSTU Í 100 ÁR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík  
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Opið

Laugardagur  
Sunnudagur

11:00-16:00  
12:00-16:00



## Samstarf á sviði vísinda: Samið við Kín- verja um tækni

**TÆKNI** Illugi Gunnarsson menntamálaráðgjafi undirritaði í gær samning við Kína um aukid samstarf á sviði tækni og vísinda.

Tilgangur samningsins er að efla enn frekar samstarf landanna með heimsóknum, vísitækni, vísindamanna og framhaldsnema, sameiginlegum rannsóknarverkefnum og samskiptum af öðru tagi. Aðstoðarráðgjafi Kína á sviði tækni og vísinda, Cao Jianlin, undirritaði samninginn fyrir hönd Kína. -le

Norsk kona sem varð fyrir nauðgun í Dúbaí var dæmd í 16 mánaða fangelsi:

## Fórnarlamb dæmt í fangelsi

**DÚBAÍ** Norsk kona, Marte Deborah Dalev, hefur verið dæmd í sextán mánaða fangelsi í Dúbaí í kjölfar þess að hún leitaði til lögreglu eftir að hafa orðið fyrir nauðgun.

Lögregluþjónar í landinu sögðust ekki trúa Marte og vörpuðu henni í fangaklefa á þeim forsendum að hún hefði stundað kynlíf án hjónabands og neytt áfengis án heimildar.

Foreldrar Marte eru harmi slegnir yfir atburðinum og flaug faðir hennar til Dúbaí eftir að konan hafði dvalið í fangelsinu í fjóra daga.

Utanríkisráðgjafi Noregs er æfur yfir meðferð norsku konunnar og sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í vikunni. Þar segir hann dóminn vera í engu samræmi við mannréttindasjónarmið og að hann sé eins og blaut tuska í andlit vest-rænna þjóða.

Marte hefur dvalið hjá prest-hjónum í Dúbaí síðustu daga sem hafa verið henni og fjölskyldu hennar innan handar á meðan á yfirheyrslum stendur. Marte hyggst áfrýja málinu. -þþ



**DÆMD Í DÚBAÍ** Marte Deborah Dalev var nauðgað í Dúbaí og var sjálf dæmd í fangelsi.

## Segir orð slitin úr samhengi: Fordæmir um- mæli Seddeeq

**TRÚMÁL** Varaformaður Sam-takanna 78 fordæmir ummæli trúarleiðtoga Menningarseturs múslima, Ahmads Seddeeq, um að samkynhneigð ýti undir rán á börnum. Sjálfur segir prestur-inn orð sín hafa verið tekin úr samhengi.

Félag múslima á Íslandi hefur lýst vanþóknun sinni á ummælunum. Í yfirlýsingu frá félaginu segir að ummælin séu ekki byggð á Íslam, enda sé hvergi fjallað um slíkt í Kóraninum. -khn



**BREIÐHOLTÍÐ BÆTT** Hitt húsið eflir hverfisvitund í Breiðholti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt verkefni fyrir ungt fólk:

## Heitur pottur í Hinu húsinu

**SAMFÉLAGSMÁL** Hitt húsið, tóms-tundahús fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 25 ára, hrinti nýlega af stað verkefni fyrir ung-menni í Breiðholti.

Verkefnið nefnist Heiti pottur-inn og er ætlað að efla hverfis-vitund, stuðla að jákvæðri ímynd hverfisins og vinna að fjölbreyttu og skemmtilegu samfélag í Breið-holti.

Sérstakur sjóður hefur verið stofnaður með það að markmiði að virkja ungt fólk til uppbyggj-legs starfs í nærumhverfi sínu. -le

## Var fluttur í land með þyrlu: Með slæma áverka á baki

**SLYS** Íslenskur sjómaður slasaðist um borð í hafrannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni, sem var á siglingu austan við landið. Þyrlur Landhelgisgæslu Íslands voru kallaðar út um klukkan hálf átta í gærmorgun þar sem skipið var talsvert langt frá landi.

Ein þyrlan flutti sjómanninn til Egilsstaða þar sem sjúkra-flugvél tók við honum og flutti hann til Reykjavíkur, en það var sex klukkustundum eftir að aðstoðin barst. „Maðurinn er nú á Landspítalanum og talsvert illa haldinn með slæma bakáverka,“ sagði Auðunn F. Kristinsson frá Landhelgisgæslunni í samtali við Fréttablaðið í gær. -le

## HVAÐ EF ÞÚ VÆRIR RÍKISSJÓÐUR?

TÖLUR MIÐAST VIÐ ÁRIÐ 2012

### → Ríkissjóður

Miðað við tölur sem birtust í ríkisreikningi síðasta árs.



Skuldir

**1.890.000.000.000 kr.**

Tekjur 525.876.000.000

Gjöld 561.721.000.000

Gjöld umfram tekjur 35.845.000.000

### → Einstaklingur

Meðaltalstekjur og útgjöld samkvæmt tölum frá Hagstofnunni.



Skuldir

**10.100.000 kr.**

Tekjur 5.856.000

Gjöld 2.756.556

Gjöld umfram tekjur -3.099.444

### → Einstaklingur

Ef hann skuldaði sama hlutfall af tekjum sínum og ríkissjóður gerir.



Skuldir

**21.046.482 kr.**

Tekjur 5.856.000

Gjöld 6.255.159

Gjöld umfram tekjur 399.159

**REIKNIFORSENDUR** Heildartekjum ríkissjóðs árið 2012 var deilt með meðaltali heildarlauna fullvinnandi einstaklings í heilt ár. Útkoman var svo notuð til að finna hlutfeldi viðkomandi einstaklings í viðeigandi stærðum. Gjöld einstaklings 2012 eru án húsnæðiskostnaðar.

Heimild: Hagstofan, Velferðarráðuneytið.

### → Vextir dýrari en menntakerfið

Vaxtagjöld ríkissjóðs voru um 76 milljarðar árið 2012. Til samanburðar má nefna að rekstur mennta- og menningarmálaráðuneytis kostaði tæpa 63 milljarða sama ár. Þá mætti reka lögreglu, dómstóla og öryggismál í þrjú og hálf ár fyrir vaxtakostnaðinn, en málaflokkurinn kostaði tæpan 21 milljarð árið 2012.

# Ætti að spara eins og heimilin

Ríkissjóður skuldar nú 1.890 milljarða króna, sem er 36 milljörðum meira en í ársbyrjun 2012. Vaxtakostnaður er 76 milljarðar á ári. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar segir ekki lengur hægt að fresta forgangsroðun.

**RÍKISFJÁRMÁL** „Það er mjög mikilvægt að forgangsraða í ríkisfjármálum. Við eigum að setja í það sem skiptir mestu máli og geyma þau verkefni sem mega bíða.“ Þetta segir Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar.

Ríkisreikningur kom út í vikunni. Niðurstaðan er sú að 36 milljarða króna halli var á ríkissjóði árið 2012, sem var 10 milljarða króna lakari útkoma en ráðgert var við gerð fjárukalaga.

Heildarskuldir ríkissjóðs eru því 1.890 milljarðar króna eða um það bil 5.870.000 krónur á hvern

Íslending, ungan sem aldinn.

Frosti segir að ekki sé hægt að ýta vandanum á undan sér lengur.

„Það eru til dæmis einhverjar fjárfestingar sem mega bíða sem hvorki eru gjaldeyrisskapandi né -sparandi. Þá verðum við að bíða með þær og leggja áherslu á mikilvægustu innviðina og þau verkefni sem kosta ekki mikinn gjaldeyri en eru atvinnuskapandi eða skapa útlutningsmöguleika eða einhvers konar góða þjónustu fyrir fólkið í landinu. Eins og til dæmis heilbrigðiskerfið,“ segir hann.

Frosti segir að stjórnálamenn

ættu að forgangsraða í ríkisfjármálum líkt og heimilin þurfa að gera.

„Þú myndir fyrst passa upp á það að halda heilbrigði fjölskyldunnar og gera það sem þarf til þess. Fyrst þarf að borða hollan mat en bíða með utanlandsferðir og greiða niður skuldir. Ekki kaupa fellihýsi og safna skuldahala.“

Einna mikilvægast sé þó að greiða niður skuldir. „Það er dýrt að skulda og það á ekki að taka meiri lán. Svona þurfum við líka að hugsa í ríkisrekstrinum,“ segir Frosti. johanness@365.is



„Það er dýrt að skylda og það á ekki að taka meiri lán. Svona þurfum við líka að hugsa í ríkisrekstrinum.“

Frosti Sigurjónsson formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

## Í flestum framhaldsskólum er boðið upp á sveigjanleika er varðar námstíma: Opin fyrir styttingu námstíma

**MENNTAMÁL** „Það að námstíminn eigi að vera fjögur ár er alls ekki heilagt atriði í okkar augum, síður en svo,“ segir Aðalheiður Steingrímisdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.



AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR

Hún segir að gildandi lög um framhaldsskóla frá 2008 tiltaki ekki árafjöldann til stúdentsprófs og aðeins örfáir framhaldsskólar eða bekkjarskólarnir svonefndu miði við fjögurra ára námstíma. „Langflestir framhaldsskólar eru með áfangakerfi og margir nemendur klára námið nú þegar á styttri tíma en fjórum árum. Við höfum einmitt talað fyrir því í langan tíma að nemendur hafi sveigjanleika til að klára námið á þeim tíma sem þeim hentar,“ segir hún.

Hún segir hins vegar að fara verði aðrar leiðir til að draga úr brottfalli. „Sú stytting sem atvinnulífið talar um og fullyrðingar um að hún dragi úr brottfalli eru algerlega gripnar úr lausu lofti. Það hefur til dæmis aldrei verið sýnt fram á að styttri náms-



Í KVENNASKÓLANUM Kvinnaskólinn er einn þeirra framhaldsskóla þar sem fjöldi nemenda útskrifast vel innan fjögurra ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

tími eins og atvinnulífið talar um dragi úr brottfalli.“

Hún segist ekki gera lítið úr vandanum sem brottfall er, en fara verði allt aðrar leiðir til að leysa hann. „En þar fyrir utan eru það engan veginn réttar forsendur og að mínu mati mjög metnaðarlaus stefna að hirða lítið um innihald menntunarinnar sem nemendur eiga á rétt á, en einblína bara á að skera og spara í opinbera menntakerfinu.“ -jse

## KOLAPORTIÐ

Kolaportíð er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík  
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is





## ALLIR MEÐ Í STÆRSTU LISTSÝNINGU LANDSINS

### GÖTUSÝNINGIN 2013

Í tilefni Menningarnætur efnir Arion banki til stærstu listsýningar landsins. Myndir af 500 verkum verða sýndar á götuskiptum höfuðborgarsvæðisins dagana 20.-27. ágúst.

#### Taktu þátt!

Hefur þú teiknað, málað, mótað, prjónað, hannað?  
Öllum er velkomið að taka þátt í sýningunni.

Það er einfalt að vera með, finndu verk eftir þig eða gerðu nýtt og taktu af því ljósmynd. Skráðu síðan verkið á arionbanki.is.

Opið fyrir þátttöku til 9. ágúst 2013.



## Svartolíuleki í Sundahöfn: Barki úr olíu- tanki rofnaði

**UMHVERFISMÁL** Svartolía lak af bryggju niður í sjó í Sundahöfn laust eftir klukkan fimm í gær. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað á vettvang og gekk hreinsunarstarfið greiðlega.

Barki úr olíutanki hafði rofnað við dælingu á svartolíunni með fyrrgreindum afleiðingum.

Oliudælingunni var samstundis hætt og samkvæmt upplýsingum frá varðstjóra slökkviliðsins var lekinn minni en óttast var í fyrstu.

- mlþ

## Detroit-borg skuldar jafnvirði 2.300 milljarða og hefur óskað eftir því að vera úrskurðuð gjaldþrota: Stærsta borgargjaldþrot í sögu Bandaríkjanna

**BANDARÍKIN** Detroit-borg í Michigan í Bandaríkjunum lýsti yfir gjaldþroti í vikunni. Ef fallist verður á gjaldþrotið verður borgin tekin í gjaldþrotaskipti. Mun það verða stærsta borgargjaldþrot í sögu Bandaríkjanna.

Í mars var skipaður neyðarstjóri til að fara yfir efnahagslega stöðu borgarinnar og endurskrifa samninga. Í kjölfarið óskaði hann eftir gjaldþrotáúrskurði. Ef fallist verður á úrskurðinn mun borgin þurfa að selja verðmætar eignir sínar upp í skuldir.

Slæm staða borgarinnar hefur haft mikil áhrif á borgarbúa en meðal annars hefur þurft að skerða verulega ellilífeyri.

Vandamál Detroit má rekja til verulegrar fækkunar borgarbúa. Fólk hefur flúið frá borginni á síðustu áratugum, meðal annars vegna aukinnar glæpatíðni og verri grunnþjónustu.

Eru borgarbúar nú meira en helmingi færri en á sjötta áratugnum, sem skilar sér í mun lægri skatttekjum.

Talið er að langtímaskuldir borgarinnar séu um 19 milljarðar dollara, jafnvirði um 2.300 milljarða króna, og halli borgarsjóðs nemi 380 milljónum dollara, jafnvirði 46 milljarða króna, hjá þessari þekktustu bílaframleiðsluborg Bandaríkjanna.

- le



**BORGARBÚUM FÆKKAÐ UM HELMING** Slæm staða Detroit-borgar er meðal annars rakin til fækkunar borgarbúa á síðustu áratugum.

## Pýskur sjóður varð af tæpum milljarði því starfsmanni láðist að senda bréf: Tölvupósturinn var dýrkeyptur

**DÓMSMÁL** Þýski fjárfestingasjóðurinn Hansa Spezial tapaði í gær máli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn þrotabúi Kaupþings banka hf.

Málið snerist um hvort kröfu sem nam sex milljónum evra, jafnvirði tæplega milljarðs íslenskra króna, hefði verið rétt lýst í þrotabúið og þar með hvort eitthvað fengist greitt upp í kröfuna.

Málsatvik voru þau að slitastjórn Kaupþings hf. gaf út innköllun til kröfuhafa þann 30. júní 2009.

Kröfulýsing hafði ekki borist þann 29. desember og starfsmaður slitastjórnar sendi kröfuhafanum Hansa Spezial áminningu þess efnis í tölvupósti og benti á að einungis yrði litið á frumrit kröfulýsingar sem bærst bréflaga sem fullnægjandi kröfulýsingu.

Þá benti starfsmaðurinn Hansa Spezial á að leysa mætti málið með því að ráða íslenskan lögmann til að útbúa kröfulýsingu hana hið snarasta.

Kröfuhafinn fór hins vegar ekki að þessum leiðbeiningum heldur sendi tölvupóst og fór þess á leit að krafan yrði tekin til greina.

Bréf þess efnis barst svo slitastjórninni þann 4. janúar 2010, fjórum dögum eftir að kröfulýsingar-frestur rann út.



**HÉRAÐSDÓMUR** Senda þarf bréf til að lýsa kröfum.

Í niðurstöðu dómsins segir að samkvæmt lögum þurfi kröfulýsing að vera skrifleg og það eigi sér styrka stöð í réttarframkvæmd og sé engum vafa undirorpið.

Kröfulýsing með tölvupósti sé því ekki gild og kröfu Hansa Spezial hafnað.

Ekki náðist í lögmann Hansa Spezial við vinnslu fréttarinnar.

- js



**MÖTUNEYTI** Krakkarnir í mótuneyti Háteigsskóla þurfa ekki að óttast að boðið sé upp á mengaðan fisk, ólíkt nemendum annars staðar á Norðurlöndunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Börn fá ekki mengaðan fisk

Feitur fiskur veiddur í Eystrasalti inniheldur oft díoxín yfir hættumörkum. Hundruð tonna af laxi úr Eystrasalti flutt út ólöglega frá Svíþjóð þrátt fyrir bann ESB.

**SVÍÞJÓÐ** Sænska matvælastofnunin hefur sent leikskólum og skólum í Svíþjóð ný fyrirmæli þar sem segir að Eystrasaltssíld eigi alls ekki að bera á borð fyrir börn. Feitur fiskur sem veiddur er í Eystrasalti inniheldur oft díoxín yfir hættumörkum Evrópusambandsins, ESB.

Á fréttavef Dagens Nyheter er haft eftir Pontus Elvingsson, sérfræðingi hjá stofnuninni, að þar sem vitað sé að það sé skaðlegt fyrir börn og konur á frjósemisaldri að borða feitan fisk úr Eystrasalti oftast en tvisvar til þrisvar á ári sé alveg eins gott að skólarnir kaupir hann alls ekki.

Vilti laxinn í Eystrasalti er svo mengaður af díoxíni að Svíar mega ekki flytja hann út til ESB-landa. Fyrr í sumar greindi sænska sjónvarpið frá því að laxinn hefði verið seldur í miklu magni til margra landa, meðal annars til Frakklands.

Rannsókn fréttamanna sænska ríkissjónvarpsins leiddi í ljós að að minnsta kosti þrjú sænsk fyrirtæki hefðu flutt út hundruð tonna af Eystrasaltslaxi ólöglega. Samkvæmt kvittunum sem sænska ríkissjónvarpið vitnaði í seldi eitt þeirra, Blekingefiskarnars central-förening, yfir 100 tonn af Eystrasaltslaxi til Frakklands á árunum 2011 og 2012.

Talsmaður þess, Per Ahlgren, sagði í viðtali við sænska sjónvarpið að ekki væri hægt að selja laxinn í Svíþjóð. Frakkland og Danmörk hefðu verið einu löndin sem hefðu viljað kaupa laxinn.

Ahlgren sagði viðskiptavinum sjálfa hafa tekið sýni úr laxinum og að niðurstöðurnar hefðu verið þær að díoxínmagnið hefði ekki verið svo mikið. Þess vegna hefðu menn ekki hikað við að selja laxinn úr landi. Elvingsson kvaðst efast um að rannsóknir viðskiptavinnanna væru traustvekjandi. Slíkar rannsóknir væru dýrar og tækju langan tíma. Skyndikannanir gæfu ekki rétta mynd.



**LAX** Hundruð tonna af laxi hafa verið flutt ólöglega frá Svíþjóð til ESB-landa.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

### → Undanþágur frá banni ESB

- Magn díoxíns og díoxínílkra PCB-efna í Eystrasaltssíld og Eystrasaltslaxi er yfir hættumörkum ESB.
- Staðfest hefur verið að efnin valdi ýmsum kvillum í dýrum, þar á meðal krabbameini og skaða á ónæmiskerfi og æxlunarfærum.
- Svíar fengu undanþágu frá banni ESB frá 2002 gegn eitrufrum í fiski. Þeir mega borða og selja fiskinn í Svíþjóð sé þess getið að börn og ófrískar konur eigi ekki að neyta hans oftast en þrisvar á ári.
- Svipaðar undanþágur gilda í Finnlandi og Lettlandi og þess vegna mega Svíar flytja út fisk úr Eystrasalti þangað.

Elvingsson lagði áherslu á að með útflutningnum væri heilsu neytenda í öðrum löndum stefnt í hættu. Það er mat hans að ólöglegur útflutningur Svía á laxi sé samanburðarhæfur við hrossakjötshneykslið. Neytendur séu látnir standa í þeirri trú að eitthvað sé öðruvísi en það er. Munurinn sé sá að neyslan á fiskinum hafi langvarandi áhrif á heilsu fólks og það sé alvarlegt. [ibs@frettabladid.is](http://ibs@frettabladid.is)

## Styrktarumsóknir til Góða hirðisins/SORPU

Vegna bilunar á umsóknarvef SORPU lengjum við frestinn og biðjum fyrri umsækjendur um að endursenda umsóknir.

Ágóði af sölu nytjahluta í Góða hirðinum rennur til góðra málefna. Styrkirnir eru veittir til líkna- og félagasamtaka og er markmiðið að styðja fólk til sjálfshjálpar. Verkefni geta til dæmis snúist um menntun, endurhæfingu og sjálfsbjörg og er sérstaklega leitast við að styrkir nýtist efnaminni börnum og ungmennum.

Nánari upplýsingar eru á vef SORPU, [www.sorpa.is](http://www.sorpa.is).

**Umsóknarfrestur fyrir haustúthlutun er til 15. ágúst.**

góði hirðirinn

**SORPA**  
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM



**TEXOLÍN**

Þekjandi viðarvörn

Verð nú:  
**4.496**  
Áður: 5.995

**25%**  
AFSLÁTTUR

**ÚTIMÁLNING**

Harpa Sjöfn 10 ltr.  
litir: hvítt, beinhvít, ljós antik

Verð nú:  
**8.995**  
Áður: 12.995

**25%**  
AFSLÁTTUR

**MEST SELÐA  
PALLAOLIAN  
Í HÚSASMÍÐJUNNI!**

**JOTUN**  
Treolje  
Träolja Träolja

**JOTUN PALLAOLÍA  
2.390**

# SUMMAR

# ÚTSALIAN

## HELDUR ÁFRAM - ÓTRÚLEGT VERÐ!

SLÁTTUVÉLAR • SUMARBLÓM • GARÐHÚSGÖGN • FATNAÐUR • GRILL OG FL.

**GARÐSTÓLL**

Formentor, stafanlegur, ál/weathertex

Verð nú:  
**6.990**  
Áður: 11.590  
Þú sparar:  
**4.600**

**GARÐHÚSGÖGN**  
**30-40%**  
AFSLÁTTUR

**GARÐSETT**

4 stólar og borð með glerplötu. Álgrind, klædd með UV rattan, sessur fylgja með.

Verð nú:  
**61.500**  
Áður: 87.900  
Þú sparar:  
**26.400**

**GARÐSETT**  
**30%**  
AFSLÁTTUR

**GRILL**  
ALIT AÐ  
**25%**  
AFSLÁTTUR

**BUGG GASGRILL**  
með undirvagni  
Verð nú:  
**67.800**  
Áður: 79.800  
Þú sparar:  
**12.000**

**20-35%**  
AFSLÁTTUR  
af garðverkfærum

**IKRA ORF**  
Stíllanlegt skaft  
Verð nú:  
**5.495**  
Áður: 8.499

**SÝPRIS**  
**799**

**HANSARÓS**  
Verð nú:  
**1.145**  
Áður: 2.290

**50%**  
AFSLÁTTUR

**blómaval**

**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956

Birt með fyrirvara um myndavíxl og prentvillur.



Verður fullveldið aldrei fullorðið?

## Nýfrjálst ríki í 95 ár

Sagnfræðingurinn og alþingismaðurinn Elín Hirst skrifaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hún segir meðal annars: „En ég tel að hagsmunum Íslands sé mun betur borgið utan ESB og hef fært fyrir því ýmis rök, til dæmis að framsal á fullveldi komi ekki til greina fyrir nýfrjálsa þjóð eins og okkur Íslendinga.“

Hvernig ætli sagnfræðingar skilgreini „nýfrjáls“ ríki? Ísland varð frjálst og fullvalda ríki 1. desember árið 1918. Síðar á árinu verður haldið upp á 95 ára afmæli þess merkisviðburðar. Frá 1918 hafa Íslendingar ráðið sínum málum sjálfir, þótt fyrstu 26 árin í sögu ríkisins hafi það deilt valdalausum punktkóngi með Danmörku.

Árið áður en Ísland fékk fullveldi og varð sérstakt ríki voru fullvalda ríki í heiminum 55 talsins. Árið 1918 var Ísland í hópi um 15 ríkja sem hlutu fullveldi eftir fyrri heimsstyrjöldina. Núna eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna 193. Með öðrum orðum fengu tveir þriðjuhlutar ríkja heims fullveldi á eftir Íslandi. Ísland er í hópi eldri sjálfstæðra nútímarríkja og er jafnframt í hópi ríkja sem eiga sér hvað lengsta óslitna lýðræðishefð.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Hin lífseiga mýta um „nýfrjálsa“ ríkið Ísland á ekki sízt rætur í því hvernig sjálfsmynd þjóðarinnar hefur sífellt verið skilgreind út frá sögunni um baráttu við erlent vald fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. „Sjálfstæðisbaráttunni lýkur aldrei“ er frasi sem við þekkjum vel. Fullveldið hefur verið talið forsenda framfara – jafnvel þótt það sé ekki til lengur í þeim skilningi sem menn höfðu í það árið 1918. Hin æ óljósari hugmynd um fullveldi hefur þá stundum orðið æðra markmið en innihaldið í framförum.

Það hentar þessari frásögn að undirstrika í sífellu að fullveldið sé svo nýfengið að það sé brothætt og viðkvæmt eins og lítið barn – við verðum að halda fast utan um það, því að annars gæti það dottið og meitt sig. Krúttlegt, en kannski tímabært að hætta að hafa áhyggjur þegar barnið er að nálgast 100 ára aldurinn.

Útlendingur, búsettur hér á landi, sagði við höfund þessa pistils fyrr í vikunni: Af hverju hafði forsætisráðherrann svona miklar áhyggjur af þjóðmenningunni í ræðu sinni á 17. júní? Er eitthvað sem ógnar henni? Íslensk menning er full sjálfstrausts, hér ólgar allt af sköpunargleði. Tónlist, bíómyndir, myndlist, bókmenntir og hönnun eru eftirsóttar útflutningsvörur. Hvað er að óttast?

Glögg er gests augað. Alþjóðleg áhrif auðga íslenska þjóðmenningu. Alþjóðleg tengsl og samstarf styrkja líka fullveldið, í þeim skilningi að við höfum áhrif á ákvarðanir sem skipta miklu fyrir íslenska hagsmunum. Ísland er gamalt ríki með gróna lýðræðishefð og sterka menningu og getur gengið hnarreist til samstarfs við önnur.

Andstæðingar þess að við dýpkum enn samstarfið við lýðræðisríkin í Evrópu geta rökstutt afstöðu sína með því að þeir séu enn þá tortryggdir í garð erlends valds, að þeir hafi dálitla minni-máttarkennnd fyrir hönd þjóðernisins og trúu því ekki að íslensk menning sé ekki í hættu vegna erlendra áhrifa, að það gangi betur að skapa samkennd með þjóðinni með því að búa til óvini í útlöndum en með því að virkja samtakamáttinn inn á við til góðra verka.

En hlífið okkur við bullinu um að Ísland sé „nýfrjálst“ ríki. Sú mýta hljómar ekki sannfærandi lengur.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFELAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Ewald RISTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Haustbúðir á Spáni

- fyrir fullorðna

11. - 25. október 2013

Boðið er upp á tveggja vikna spænskunámskeið með menningarlegu ívafi í Extremadurahéraði á Spáni. Kennir er í 3 tíma á dag utan þá tvo daga sem farið er í dagsferðir.

Fyrri vikuna er dvalið í klaustri sem breytt hefur verið í þriggja stjörnu hótél í þorpinu La Parra. Þar gefst góður tími til slaka á, ná sambandi við náttúruna og kyrrðina og borða mat sem framleiddur er í héraðinu.

Síðari vikuna er dvalið á undurfallegu fjögurra stjörnu hóteli á ráðhústorginu í bænum Zafra. Leiðsögumaður og spænskukennari er Margrét Jónsdóttir Njarðvík, vararæðismaður Spánar.

Innifalið: Flug, hótél, fæði (fullt fæði fyrri vikuna, hálf fæði síðari vikuna), rútuferðir, skoðunarferðir til Mérida og Sevilla, spænskukennsla 3 klst. á dag, gönguferðir við sólarupprás í 2-3 klst á dag, jóga þrisvar í viku, aðgangseyrir að Reales Alcázares í Sevilla og aðgangseyrir að söfnunum í Mérida.



MUNDO

Verð: 369.900 miðað við tvo í herbergi  
Verð: 410.000 miðað við einn í herbergi

www.mundo.is

Nánari upplýsingar í síma 6914646 eða margret@mundo.is

## SPOTTIÐ



## AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

## Um háa dóma og lága

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lýst áforðum um nýtt dómstig milli þess hæsta og héraðsdómanna. Það væri til samræmis við dómáskiptun á öðrum Norðurlöndum. Slík breyting yrði vissulega til bóta um sumt.

Hrun krónunnar og bankanna leiddi til allnokkurrar fjölgunar dómsmála. Vinstri stjórnin átti tvo kosti í þeirri stöðu. Hún greip til þess ráðs að fjölga dómurum tímabundið. Hinn kosturinn var að setja á fót millidómstig.

Þetta val hefur sætt gagnrýni í heimi lögfræðinga. Helst er á það bent að fjölgun dómara kunn



ad hafa aukið hættu á misræmi í dómum sem hafa forðæmisgildi. Á móti kemur að lengri tíma hefði tekið að undirbúa lög-gjöf um nýtt dómstig ef vanda hefði átt til verksins. Þannig hefði sú ráðstöfun orðið of seinvirk við lausn á bráðum og tímabundnum vanda. Nýtt dómstig gæti tvöfaldað kostnaðinn við áfrýjun dómsmála ef raunhæft mat er lagt á það sem til þarf. Fyrir vinstri stjórnina

var pólitískt útilokað að skera meir niður á Landspítalanum sem þeim kostnaðarauka nam. Ætla má að sú staðreynd hafi líka ráðið miklu gagnvart þeim mótrökum að réttir menn gætu í hendingskasti snarað frá sér frumvarpi um nýtt dómstig. Ólíklegt er að hægri stjórn hefði við sömu aðstæður gripið til annarra ráða.

Nú er spurningin þessi: Hefur eitthvað það breyst í dómkerfinu eða ríkisfjármálunum sem bendir til að tími sé kominn á að setja spurninguna um millidómstig aftur á dagskrá?

Nú er spurningin þessi: Hefur eitthvað það breyst í dómkerfinu eða ríkisfjármálunum sem bendir til að tími sé kominn á að setja spurninguna um millidómstig aftur á dagskrá?

Nú er spurningin þessi: Hefur eitthvað það breyst í dómkerfinu eða ríkisfjármálunum sem bendir til að tími sé kominn á að setja spurninguna um millidómstig aftur á dagskrá?

## Hagræðing

Í þessu samhengi þarf að hafa í huga að málafröðingurinn á rætur í tímabundnu ástandi. Dómaraembættum fækkar sjálfkrafa eftir því sem tíminn líður og málunum fækkar. Þar með hverfur sú tilgáta að fjöldi dómara skapi hættu á misvísandi forðæmum.

Líta verður til þess að tölur um málafröðlinga segja ekki alla söguna. Kærur um réttarfarsálitaefni og gæsluvarðhald eru stór hluti. Slík mál taka mun skemmri tíma en dómur um efnislegan réttarágreiðing.

Á tíunda áratugnum var gerð mikil breyting á lögum um dóm-

stóla. Eftir ítarlega skoðun þótti eins og þá stöð á ríkisfjármálum hyggilegra að deildaskipta Hæstarétti en að taka upp millidómstig. Sú ráðstöfun gafst vel. Bylting varð í hraða dómsmála. Og þó að alltaf megi deila um niðurstöður dóma hefur ekki með gildum rökum verið sýnt fram á að þetta einfalda og skilvirka kerfi tryggji ekki vandaða og réttláta meðferð mála.

Ríkisstjórnin skipaði nýlega nefnd þingmanna til að leggja á ráðin um viðtækar kerfisbreytingar í opinberum rekstri. Markmiðið er að draga úr kostnaði þar

sem unnt er án þess að skerða þjónustu til þess meðal annars að koma í veg fyrir að heilbrigðis-kerfið molni niður.

Hefði vinstri stjórnin á sínum tíma valið hinn kostinn og stofnað millidómstig er líklegt að það hefði fyrr lent undir fallöxi nýju hagræðingarnefndarinnar en einstakar deildir Landspítalans. Kjarni málsins er því miður sá að engar þær breytingar hafa orðið á fjármálum ríkisins sem losa ábyrgð stjórnvöld frá þessu erfiða vali. Ríkisstjórninni yrði því örugglega fyrirgefið þó að hún flýtti sér hægt að efna þetta loforð.

## Holl upprifjun

Útilokað er að dómara við Hæstarétt geti alltaf verið sammála um lögfræðileg álitafæni. Og þeir geta jafnvel haft mismunandi hugmyndir um kosti og lesti hver annars. Stjórnmalamenn hafa líka mismunandi skoðanir á dómurum og dómniðurstöðum. Sjónarmið af þessu tagi mega aftur á móti ekki hafa áhrif á dómstólaskiptunina. Ríkisstjórnin hefur alls ekki gefið tilefni til að ætla að svo sé af hennar hálfu.

Reyndar er aðeins eitt dæmi um að slík viðhorf hafi leitt til ráðagerða um breytingar á dóm-

stólaskipaninni. Þegar Jónas frá Hriflu sat á stóli dómsmálaráðherra var hann ósáttur við hvernig dómara Hæstaréttar skrifuðu dóma sína. Hann lagði því til að Hæstiréttur yrði lagður af og nýr Fimmtardómur að þjóðmenningarlegum hætti settur á fót í staðinn. Um leið átti að afnema umsagnir æðsta dómstólsins um nýja dómara til þess að ráðherrann hefði sjálfur frjálsari hendur við skipan þeirra.

Á þessum tíma sat Framsóknarflokkurinn einn við ríkisstjórnarborðið og dómsmálaráðherrann réði öllu sem

hann kaus að ráða. En ráðagerðin olli slíkri hneykslan að tveir þingmenn Framsóknarflokksins höfðu forgöngu um að setja ráðherrann stóllinn fyrir dyrnar svo að frumvarpið dagaði uppi. Fyrir það eitt eru þeir einhverjir merkustu þingmennirnir í sögu flokksins.

Þó að tilefnið sé ekkert er þessi upprifjun holl á öllum tímum. Hún er sterk áminning um hversu yfirvegað og vandlega þarf að standa að öllum breytingum á skipan dómstólanna vegna þess mikla hlutverks sem þeir gegna í sérhverju réttarríki.



**netto**  
í sumarshöfnum

**ERTU KLÁR  
Í SUMARID?**

**CAMPINGAZ ADELAIDE GASGRILL**  
GRILLÁHÖLD OG YFIRBREIÐSLA FYLGJA MEÐ VIÐ KAUP Á GRILLI!



CampinGaz Adelaide  
gasgrill 4ra brennara

**59.998 kr**



CampinGaz Adelaide  
gasgrill 3ja brennara

**49.998 kr**




CampinGaz grilláhöld 4stk

**3.998 kr**

Yfirbreiðslur fyrir grillin einnig fáanlegar, verð **4.998 kr**

**MJÖG ÖFLUG GASGRILL Á VANDAÐRI GRIND ÚR STÁLI OG TEKKI.**  
GRILLIN ERU MEÐ BRENNARA OG GRILLGRIND ÚR POTTJÁRNI,  
**SEM HENTA MJÖG VEL FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR.**  
GRILLIÐ SJÁLFT ER POSTULÍNSEMELERAÐ AÐ UTAN & INNAN.



Bullet fullorðingsgolfset



Cougar barnagolfset

**50% AFSLÁTTUR**  
AF GOLFKERRUM ÞEGAR KEYPT ERU  
GOLFSETT, FULLORÐINS & BARNNA!

[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



# HELGIN

**Símon Birgisson**  
menningarráttgjafi

## Brimbretti og safnarúntur

„Ef veður leyfir ætla ég á brimbretti í Þorlákshöfn. Svo langar mig að sjá stórmyndina Pacific Rim í bíó og á sunnudaginn er stefnan sett á safnarúnt, sérstaklega langar mig að sjá sýningu Söru Riel.“



**Puríður H. Aradóttir**  
verkefnastjóri Markaðsstofu  
Reykjanes

## Bekkjarferð og útvíst

„Ég er á leið í útilegu að Hamra-görðum við Seljalandsfoss með bekkjarfélögum úr MBA-náminu. Ég ætla að bjóða upp á leiðsögn um Nauthúsagil í Fljótshlöðinni.“



**Ragnar Ingi Aðalsteinsson**  
doktor í bragfræði

## Dúlla við handrit

„Ég er að fara yfir handrit sem konan mín var að þýða og held áfram að dúlla mér í því. Ef stýttur upp erum við hjónin rok-in vestur í Dali að dytta að vatnslögninni við sumarþústaðinn.“



**Þórunn Erlu Valdimarsdóttir**  
rithöfundur

## Rölt með Gleðifélaginu

„Ég þarf að lesa enska þýðingu á köflum úr kringum mínum. Á morgun er bíltúr í Skorradal og á sunnudaginn röltir Gleðifélagið Léttur mórall upp Búrfellsgjá við Helgafell, suður af Heiðmörk.“



**Bryggjuháttíð á Drangnesi**

## Dagskrá dreifist um allt þorpið

**Bæjarháttíð** Árviss bryggjuháttíð á Drangnesi fer fram í dag. Hún hefst með dorgveiðikeppni í Kókkálsvík klukkan 10.30 og er fylgt eftir með sjávarréttasmakki, markaðsstemningu og kórsöng við frystihúsið. Þaðan dreifist dagskráin um þorpið, þrjár ættliðir Strandakvænna sýna til dæmis list sína í grunnskólanum. Grillveisla og kvöldskemmtun fara fram í samkomuhúsinu Baldri og þar endar dagurinn með Bryggjuháttíðarballi með Stuðlabandinu.



**Kristjana í Akureyrarkirkju**

## Blönduð söngdagskrá

**Tónleikar** Kristjana Árngrímsdóttir syngur á Sumartónleikum Akureyrarkirkju á morgun, sunnudag, klukkan 17. Með henni koma fram þeir Örn Eldjárn og Jón Rafnsson. Þau munu flytja blandaða söngdagskrá eins og þeim einum er lagið. Kristjana var 14 ár í Tjarnarkvartettinum og hefur gefið út nokkra geisladiska. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.

# Alltaf með myndavél á mér

**Sunna Ben Guðrúnardóttir** myndlistarkona hefur gengið með myndavél í sjö ár og á þeim tíma fangað mörg ævintýri á filmur. Sýning hennar Villikettir er í Skotinu á 6. hæð að Tryggvagötu 15.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**  
gun@frettabladid.is



Ég valdi áhrifaríkustu og fyndnustu myndirnar úr safninu mínu og þær sem mér þykir vænst um,“ segir Sunna Ben myndlistarkona þar sem hún er að koma fyrir eigin ljósmyndum í Skotinu, á efstu hæð Grófarhússins. Flestar eru þær frá Íslandi en einnig Hollandi þar sem Sunna hefur búið síðustu fjögur ár við myndlistarnám. „Svo hef ég alltaf haft lag á að ferðast dálítið svo hér eru líka Ítalía, Berlín og eitt og annað,“ segir hún.

## Ljósmyndun sem list

Sunna er Reykjavíkingur en hefur búið líka á Vopnafirði og í Kantaraborg í Englandi, auk Amsterdam. Hún segir myndavélina hafa verið förunaut sinn nótt og dag síðustu árin. „Mér finnst mikilvægt að vera alltaf með myndavél á mér og sný við og sæki hana ef hef gleymt henni heima. Ég fæ ótrúlega mikið út úr því að eiga fallega og ítarlega skrá yfir líf mitt í myndum frá því ég var sextán, sautján ára. Þegar ég var að undirbúa sýninguna fór ég í gegnum allar myndirnar mínar og sá andlit fólks sem er kannski horfið úr lífi mínu núna.“

Hún kveðst ávallt hafa hugsað um ljósmyndunina sem list. „Flestar myndirnar á sýningunni eru frá síðustu þremur, fjórum árum því það er viðvagnsbragur á þeim eldri. Mér hefur farið fram,“ segir hún brosandí.

## Snobbar fyrir filmuvélum

Sunna kveðst snemma hafa lært að snobba fyrir filmuvélum og hafa verið svo heppin að finna slíkar gersemar á flóamörkuðum erlendis en flestar hafi hún samt keypt dýrum dómum. „Ég hef



**SUNNA BEN** Ég valdi áhrifaríkustu og fyndnustu myndirnar úr safninu mínu og þær sem mér þykir vænst um,“ segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

reynt að taka myndir á stafræna vél en fæ aldrei litina og áferðina sem ég sækist eftir. Ég á dýrar stafrænar myndavélar en finnst filmuvélar meira sjarmerandi. Þá tek ég bara eina mynd og verð alltaf að vanda mig en útkoman verður aðeins tilviljanakenndari og mér finnst eitthvað við það. En ég er komin með ágætun fókus í augað. Það lærir.“

Þetta er fyrsta einkasýning Sunnu. Hún varð hissa þegar hún uppgötvaði það. „Mér fannst ég orðin svo sjóuð og vera búin að sýna svo oft en nei, ég hef þá aldrei sýnt ein áður. Svo þá er kominn tími til. Líka vegna myndanna. Þær hafa sumar verið á samsýningum, „verið memm“, en aldrei fengið að vera þær í friði.“

## Að byrja með útvarpsþátt

Það er fullt að gerast hjá Sunnu fyrir utan sýninguna. Teikningar hennar seljast ágætlega og svo kveðst hún hafa verið „að plötu-snúðast“. Hún er að byrja með útvarpsþátt á X-inu um konur í tónlistarheiminum, ásamt vinkonu sinni, Maríu Lilju Þrastardóttur. Svo er hún að byrja á ljósmyndaverkefni, fyrsta vel skipulagða ljósmyndaverkefninu mjög lengi, að eigin sögn. „Ég ætla að taka myndir af söfnurum um allt land og söfnum þeirra. Er búin að fá fallega pósta frá fólki sem safnar ótrúlegustu hlutum. Mér finnst þetta svo áhugavert enda er ég með rosalega söfnunaráráttu sjálf. Hef safnað ljósmyndum í sjö ár og átt milljónir af límíðum og póstkortum, er enn að kaupa póstkort alls staðar þótt opinberlega hafi ég hætt að safna þeim þegar ég var níu ára.“

„Ég með rosalega söfnunaráráttu. Hef safnað ljósmyndum í sjö ár og átt billjónir af límíðum – og póstkortum, er enn að kaupa póstkort alls staðar þótt opinberlega hafi ég hætt að safna þeim þegar ég var níu ára. Ég bjó alltaf í litlum íbúðum þegar ég var að alast upp en átti samt alltaf mín rílasöfn og fyllti allar geymslur.“

kortum, er enn að kaupa póstkort alls staðar þótt opinberlega hafi ég hætt að safna þeim þegar ég var níu ára. Ég bjó alltaf í litlum íbúðum þegar ég var að alast upp en átti samt alltaf mín rílasöfn og fyllti allar geymslur.“

# Nú er veður til að lesa

Oft var þörf en nú er algjör nauðsyn að hafa eitthvað gott að lesa í sumarfríinu.

Sumarútgáfa forlaganna hefur sjaldan verið blómlegri en í sumar og óþarfi að sýta rigninguna í sumarfríinu á meðan boðið er upp á slíkan eðalfélagsskap. Við kíktum á nokkrar forvitnilegustu bækurnar á sumarmarkaðnum.

**Dagar úr sögu þagnarinnar** eftir Merethe Lindström, sem hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2012, er mögnuð saga um fjölskylduleyndarmál og þögnina sem eitru út frá sér. Mögnuð lesning sem enginn bókaunnandi ætti að láta fram hjá sér fara.

**Djöflatinur** eftir Deon Meyer er án efa forvitnilegasti kriminn á markaðnum. Suðurafrísk glæpasaga með sterkum

persónum og stærri skammti af raunsæi en algengt er í þessari bókmenntagein. Þú finnur hitann, rykið og molluna nánast á eigin skinni og þakkar þínum sæla fyrir rigninguna.

**Maður sem heitir Ove** eftir Fredrik Bachman hefur trónað á toppi metsölulista vikum saman og það algjörlega verðskuldað. Ef þú ert ekki enn búinn að lesa hana er engin spurning um að hún er einn besti ferðafélaginn í fríinu.

**Hún er horfin** eftir Gillian Flynn er annar krimmi sem ekki svíkur. Óvenjulegasta glæpasaga ársins og svo hrollvekjandi að óhætt er að lofa svefnlausum nóttum við lesturinn. Er það ekki einmitt

aðalkosturinn við að vera í fríi að þurfa ekki að sofna snemma?

Fyrir þá sem hallast að klassíkinni er komin kiljuútgáfa af meistaraverki Jóns Trausta um **Önnu frá Stóraborg**. Skyldlesning fyrir alla áhugamenn um íslenskar bókmenntir og einkum og sérílagi þá sem dvelja í sumarþústaðum í Grímsnesinu.

Hámenningarvitar geta síðan engan veginn látið tímaritroðina **1005** fram hjá sér fara. Þrjú verk sem þú verður að lesa, bæði þér til skemmtunar og til að verða gjaldgengur í menningarumræðunni. Er uppseld en fæst sem rafbók, sem er einmitt kjörin leið til að minnka farangurinn í fríinu. Góða ferð.



**GOTT LESEFNI**  
Bækur eru bestu ferðafélagarnir í sumarfríinu.





einfaldlega betri kostur

# SUMARTILBOÐ



## 25% AF ÖLLUM SUMARVÖRUM Í JÚLÍ



## OG VIÐ MEINUM ÖLLUM!



kaffi **ILVA**

Einföld beygla  
Skinka, ostur, smjör og sulta  
Verð 495,-  
nú 195,-



TILBOÐ

**VISA Lán**  
- VAXTALAUST  
Bjódum uppá  
vaxtalaust lán  
til 6 mánaða

**ILVA**  
sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 [www.ILVA.is](http://www.ILVA.is)  
mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18



OUTBACK



**ÞÚ SPARAR  
21.000 KR.**

Vnr. 50630082  
Excel 200 gasgrill, tvöfaldur  
álbrennari 6,2 kW. Eldunars-  
væði 49,5x35 cm  
og neistakveikikerfi.  
**24.990** kr.  
FULLT VERÐ: 45.990 kr.

OUTBACK



**ÞÚ SPARAR  
10.000 KR.**

Vnr. 50630084  
Outback gasgrill með  
tvöföldum álþrennara.  
2 postulínshúðaðar grillgrindur  
og efri hitunargrind. 9,0 kW.  
**39.990** kr.  
FULLT VERÐ: 49.990 kr.



**ÞÚ SPARAR  
30.000 KR.**

Vnr. 50630080  
Cook Dome  
kolagrill, 57 cm.  
**19.990** kr.  
FULLT VERÐ: 49.990 kr.

**ALLT Á AÐ  
SELJAST**  
LAGERHREINSUN

**LAGI**

**ALLT FYRIR GARÐINN Á BETRA VERÐI**

Vnr. 0291504  
Timburkassi,  
435x560x1230 mm.  
**13.990** kr.  
FULLT VERÐ: 19.990 kr.

**ÞÚ SPARAR  
6.000 KR.**

**ÞÚ SPARAR  
3.000 KR.**

Vnr. 0291451  
Garðborð,  
1540x1770x710 mm,  
brúnt.  
**12.990** kr.  
FULLT VERÐ: 15.990 kr.

**ÞÚ SPARAR  
3.000 KR.**

Vnr. 42377557  
Blómáttar  
svartir, ofnir,  
3 stk.  
**12.990** kr.  
FULLT VERÐ: 15.990 kr.

**ÞÚ SPARAR  
1.600 KR.**



Vnr. 0291712  
DARIA blómáttur,  
60x60x40 cm.  
**7.990** kr.  
FULLT VERÐ: 9.590 kr.

Vnr. 42377666  
Blómáttur,  
26x13,5x10,5 cm,  
metal.  
**690** kr.  
FULLT VERÐ: 1.190 kr.

**ÞÚ SPARAR  
10.000 KR.**

**BOSCH**

Vnr. 74891237  
BOSCH rafmagnssláttu-  
vél með lithium rafhlöðu,  
sláttubreidd 37 cm, sláttu-  
hæð 20-70 mm, stærð  
safnpoka 40 l.

**69.990** kr.  
FULLT VERÐ: 79.990 kr.

Vnr. 74830025  
EINHELL RG-EM 1233  
rafmagnssláttuvél, 1250W. Sláttu-  
breidd er 33 cm og hæðarstilling  
25-60 mm. 30 l safnkassi.  
**19.990** kr.  
FULLT VERÐ: 28.990 kr.

**ÞÚ SPARAR  
9.000 KR.**

**Einhell®**

**ÓDÝR GARÐVERKFAERI**

**ÞÚ SPARAR  
3.000 KR.**

Vnr. 53323110  
Sláttuorð BC260,  
tvíengismótor, 22,5cc,  
42 cm sláttubreidd.  
**12.990** kr.  
FULLT VERÐ: 15.990 kr.

**ÞÚ SPARAR  
2.000 KR.**

**Einhell®**  
Vnr. 74830012  
EINHELL rafmagnssláttuorð  
450W, sláttubreidd 30 cm.  
**7.990** kr.  
FULLT VERÐ: 9.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentviltur og/ eða myndabreytingu. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.



**ÞÚ SPARAR  
8.000 KR.**

**TAKMARKAÐ MAGN**

Vnr. 42378049  
Gasgrill, 2 brennarar,  
án þrýstijafnara.

**19.990** kr.

FULLT VERÐ: 27.990 kr.



**AÐEINS UM HELGINA**

**ÞÚ SPARAR  
17.000 KR.**

Vnr. 41622140  
Garðsett, 4 stólar,  
borð og sóhlíf.

**9.990** kr.

FULLT VERÐ: 26.990 kr.



# ERHREINSUN Á SUMARVÖRUM



facebook.com/BYKO.is

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

## LÆGRA VERÐ Á ÚTILEGUVÖRUM



Vnr. 87977142  
Kælibox í bílinn, 12V, 25 l.

**7.990** kr.



Vnr. 88098157-8  
Útilegustóll, grænn  
eða blár.

**1.390** kr.  
FULLT VERÐ: 1.490 kr.



Vnr. 42373644  
Kolagrill, 43 cm.

**3.990** kr.



Vnr. 49980781  
Uppkveikilögur 1 l.

**490** kr.  
FULLT VERÐ: 590 kr.



Vnr. 42375643  
Einnotagrill.

**390** kr.  
FULLT VERÐ: 490 kr.



Vnr. 42373651  
Grillsett, 3 stk.  
með tréskafti.

**2.990** kr.  
FULLT VERÐ: 3.990 kr.

Vnr. 88012299  
Sóltjald, 400x135 cm.

**1.990** kr.  
FULLT VERÐ: 2.790 kr.

**ÞÚ SPARAR  
30.000 KR.**

**AÐEINS UM HELGINA**

**29.990** kr.

FULLT VERÐ: 59.990 kr.

Vnr. 41622139  
RATTAN garðsett 2 stólar  
og borð með glerplötu.



**ÞÚ SPARAR  
8.000 KR.**

Vnr. 41622137  
Sóhlíf á fæti 300.

**8.990** kr.  
FULLT VERÐ: 16.990 kr.

## BETRA VERÐ Á GARÐHÚSGÖGNUM

**ÞÚ SPARAR  
15.000 KR.**

**AÐEINS UM HELGINA**

**19.990** kr.

FULLT VERÐ: 34.990 kr.

Vnr. 41621529  
Markisa, 3,5x2,5 m,  
græn.



**ÞÚ SPARAR  
12.000 KR.**

**AÐEINS UM HELGINA**

**9.990** kr.

Vnr. 41622110  
Ál sólbekkur með  
höldum, svartur.

FULLT VERÐ: 21.990 kr.



# ÓÐAL FEDRANNA HITTIR DALALÍF

Bræðurnir **Páll Ásgeir** og **Gísli Ásgeirssynir** eru miklir íþrótt- og útivistarmenn. Páll gengur á fjöll bæði einn og sem leiðsögumaður og Gísli hleypur, hjólar, syndir og keppir í þríbraut og járnmanni. Athæfið er þó í hrópandi mótsögn við uppeldið því faðir þeirra sá engan tilgang með hlaupum nema verið væri að elta kindur.

**Fríðrika Benónýsdóttir**  
fridrikab@frettabladid.is



**P**abbi heldur því stutt og stöðugt fram að það sé fullkomlega tilgangs-laust að hlaupa nema kind sé á undan manni," segir Gísli. „Já,“ grípur Páll fram í, „en það er samt rétt að halda því til haga að þótt faðir okkar hafi verið andvígur íþróttaiðkun þá átti hann mikinn þátt í að vekja áhuga okkar, eða að minnsta kosti minn, á náttúruskoðun og finni blæbrigðum náttúrunnar.“

Þeir bræður eru aldir upp á Þúfum í Reykjavíkjardarhreppi hinum forna við Ísafjardardjúp og gengu í heimavistaraskóla á Reykjanesi. Þar var bæði sundlaug og íþróttahús en hvorki sundkennsla né leikfimi. „Leikfimi húsinn var breytt í smíðastofu,“ útskýrir Gísli. „Enda mun gagnlegur fyrir bændasyni að kunna smíðar en stunda leikfimi.“

## Óflekkaðir

Íþróttáhuginn kom sem sé hvorki úr foreldrahúsum né í gegnum skólann. Hver var grunnurinn að þessum áhuga? „Við erum aldir upp í afdal sem ekki var í vegasambandi við afganginn af landinu,“ útskýrir Páll. „Við vorum því óflekkaðir af heimsins véla-brögðum og sönn náttúrubörn. Rafmagníð kom ekki fyrr en 1968 þannig að sá heimur sem við ölumst upp í er líkur því sem íslenskar sveitir voru framan af tuttugustu öld.“ „Við erum mótaðir af bóklestri og útvarps hlustun,“ segir Gísli. „Og svo höfðum við ákaflega mikinn tíma til þess að hugsa, sem er mjög dýrmætt. Við vorum úti einfaldlega vegna þess að það var skemmtilegra en að vera inni. Við höfðum alla jörðina til að leika okkur á og gengum lausir. Aldrei varð ég þó var við það að foreldrar okkar hefðu áhuga á að hugir okkar hneigðust til sveitastarfa, þvert á móti, það lá alltaf í loftinu að eftir fermingu færum við að heiman.“ „Þetta var svona Ódal fedranna hittir Dalalíf stemning,“ bætir Páll við. „Annars vegar hin dauðadæmda sveitamenning og hins vegar sú rómantík og kyrrstada sem er líkari nitjándu öldinni og upphafi þeirrar tuttugustu en því sem við höfum tilhneigingu til að kalla nútíma.“ Gísli fór eftir skyldunám í Menntaskólann á Ísafirði og útvegaði sér strax vottorð bæði í leikfimi og sundi. „Mér fannst þetta bara svo herfileg tímasóun,“ segir hann. „Við njótum sem sagt bara meðfæddrar lipurðar okkar,“ skýtur Páll inn í. „Og þeirrar mýktar sem liggur í genunum.“

Páll byrjaði líka í Menntaskólanum á Ísafirði en hætti eftir einn vetur. „Ég tók bara

bílpróf,“ segir hann. „En það var gott bílpróf. Menn eru að jafnaði skilgreindir út frá þeirri menntun sem þeir hafa aflað sér eftir að skyldunámi lýkur og eina prófið sem ég hef tekið síðan er þetta bílpróf. Þess vegna hef ég líka verið óheftur af þeim takmörkunum sem menntun leggur manni á herðar, hef ekki starfsréttindi í neinu og hef þess vegna getað unnið við það sem mér sýnist.“

## Út að leika

„Menntun getur verið svo mikill klafi,“ segir Gísli. „Fólk neyðist til að binda sig við einhverja eina starfstétt.“ Hann fór nú samt í Kennaraskólann, lauk kennara-prófi og kenndi í tuttugu og tvö ár. Og, þótt það hljómi kannski undarlega, þá var það kennarastarfið sem ýtti honum út í það að hlaupa. „Ég hef alltaf haft gaman að því að leika mér,“ segir hann. „Sérstaklega við börn. Ég uppgötvaði þegar ég fór að kenna hvað það var gaman að fara aftur út og leika sér með krökkunum. Upp úr því fór ég að skokka mér skemmtunar eftir skóla. Fór stuttar vegalengdir til að byrja með en hljóp mitt fyrsta maraþon 1986. Það voru ekki margir að skokka í Hafnarfirði á þessum árum og lengi vel var ég skokkarinn í bænum. Allir vissu hver skokkarinn var en fáir þekktu mig með nafni. Þannig gekk þetta í nokkur ár uns ég fann mér æfingafélaga sem ég fattaði síðar að voru afreksmenn í Fimleikafélagi Hafnarfjarðar. Þeir leyfðu mér náðarsamlegast að hlaupa með sér en létu mig jafnframt vita að þeir myndu sko ekki bíða eftir mér. Þannig að í fjóra mánuði sá ég eiginlega aldrei framan í þá. Við þetta blossaði hlaupaáhuginn upp og hæst vil ég meina að frægðarsól mín hafi risið þegar ég varð þriðji á Íslandsmeistaramótinu í maraþoni '89. Svo hefur þetta bara undið upp á sig smám saman. Hef hlaupið um fjörutíu maraþon og Laugavegin tíu sinnum, eignaðist síðan hjól og fór að æfa fyrir þríbraut. Járnmaðurinn er svo erfiðasta greinin í þríbraut og þar hef ég þrisvar tekið þátt að fullu en oft farið í hálfan járnmann, sem þykir alveg þökkalegt.“

Hvað með þig Páll? Hvernig byrjaði fjallaflandi hjá þér? „Þótt ég hafi alltaf haft mikinn áhuga á gönguferðum og náttúruskoðun þá finnst mér eftir á að hyggja að það hafi orðið ákveðin þáttaskil 1983 þegar ég fór í ferðalag norður á Hornstrandir,“ segir Páll. „Síðan hef ég stundað þetta. Fyrst gerði ég mér þetta að lifibrauti með því að skrifa leiðsögubækur, sú fyrsta kom út '94 og þær hafa orðið nokkrar síðan, en síðustu átta til tíu árin hef ég fengið í vaxandi mæli við leiðsögn. Í fjögur ár hef ég svo stjórnad verkefni fyrir Ferðafélag Íslands sem heitir Eitt fjall á viku auk þess að stunda margvíslega aðra leiðsögn



BRÆÐURNIR Peir Páll Ásgeir og Gísli segjast mjög tengdir andlega, svo tengdir að þeir þurfi ekki að hittast oft í holdinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

fyrir F.Í. Enda sit ég þar í stjórn og reyni að gera mig breiðan eftir því sem færi gefst.“

## Í kjörþyngd með kúlurass

Þeir bræður geta flokkast sem frumkvöðlar í sínum íþróttagreinum, en nú er þetta orðið nokkurs konar tiskubylgja og enginn maður með mönnum nema vera hlaupandi á fjöll í tíma og ótíma. Kanna þeir einhverja skýringu á þessari hjarðhegðun varðandi útivist? „Það er einhver frumstæð þörf sem rekur fólk til að vera úti,“ segir Páll. „Eitt-hvað í þessu manngerða umhverfi er ófullnægjandi og ég hallast að því að maðurinn verði ekki alveg heill fyrr en hann er kominn út í náttúruna þar sem hann á heima. Það er ekki endilega keppnissskap eða löngun til að vera í góðu formi eða að fá kúlurass sem rekur fólk af stað heldur djúpstæðari löngun. Mjög margir hefja þátttöku í útivist og reglulegri hreyfingu þegar þeir lokið því verkefni að ala upp börnin og eru komnir á miðjan aldur. Því fylgir sjálfkrafa löngun til að berjast gegn hrörnunareinkennum sem þá fara að gera vart við sig þannig að sumpart er þátttaka í allri reglulegri hreyfingu líka löngunin til að halda í heilbrigði og æsku. Þar spilar auðvitað inn í útlits- og æskudýrkun í samfélaginu en það eru nokkrir þættir sem útivist og fjallgöngur hafa sem ekki er að finna í annarri líkamsrækt. Fyrst og fremst auðvitað útiveran, sem verður aldrei líkt eftir í líkamsræktarsölum.“

„Það er oft sagt að íþróttir séu leikir fullorðna fólksins,“ bætir Gísli við. „Maður hættir ekki að leika sér þótt maður verði gamall en maður verður gamall þegar maður hættir að leika sér, eins og sagt er. Þess vegna skiptir miklu máli að líkamsrækt sé skemmtileg og á meðan hún er það sækjum við í hana.“

„Það vilja allir vera í góðu formi,“ segir Páll. „Ef þess er nokkur kostur þá vilja allir vera í kjörþyngd með kúlurass.“ En er það ekki bara ímynd sem búið er að troða upp á fólk? „Jú jú, við erum öll fórnarlömb fyrirmynda. Partur af þessu er líka sú löngun að taka sem ríkastan þátt í samfélaginu. Þegar svona bylgjur rísa og einhverjar hópíþróttir verða mjög vinsælar þá koma margir sem hafa fram að því ekki fengist við slíkt. En af hverjum hundrad sem hefja fjallgöngur eða hlaup eða kaupa sér líkamsræktarkort myndi ég giska á að um það bil tíu til fimmtán ánetjuðust fyrir lífs-tíð og gerðu viðkomandi athæfi að lífsstíl.“

## Prestablóðið

Bræðurnir eru óskaplega sannfærandi í boðun sinni á gleðinni sem fylgir útivist og líkamsrækt undir beru lofti. Raunar svo sannfærandi að það minnir helst á trúboð. Eru þeir af prestaættum? „Við erum, hvor með sínum hætti, að frelsa fólk til betri lífsstíls,“ segir Gísli. „Hjálp því að losna úr viðjum flöguáts og sjónvarpsgláps og breyta því úr sófakartöflum

„Það sem stundum er kallað prestablóðið er mjög ríkt í eðli okkar og þess vegna er í genum okkar löngunin til að breiða út fagnaðarerindið.“

Páll Ásgeir Ásgeirsson

í fjaðurmagnaðar hindir.“ Páll stekkur á fætur við spurninguna, nær í hnausþykka Biblíu í bóka-skápinn og skellir henni á borðið. „Þetta er starfsbiblía Páls Ólafssonar prests í Vatnsfirði sem var langafi okkar. Það sem stundum er kallað prestablóðið er mjög ríkt í eðli okkar og löngunin til að breiða út fagnaðarerindið er í genunum.“

Þið segið gjarnan „við“. Eruð þið mjög nánir? „Andlega, já, en við hittumst ekki mjög oft í holdinu,“ segir Páll. „Við þurfum ekki að hittast oft,“ segir Gísli. „Við tölum nánast daglega saman í síma.“ „Við vorum auðvitað mjög samrýmdir sem börn,“ segir Páll. „En mest af fullorðinsárunum höfum við búið hvor í sínu sveitarfélagi.“

Og ætlið þið að halda áfram að hlaupa og ganga á fjöll fram í andlátíð? „Já, ég sé engin rök fyrir því að breyta lífstíl mínum þótt ég eldist,“ segir Páll. „Maður þarf bara að fara sér aðeins hægar.“ „Það er þetta með meðalhófið,“ segir Gísli. „Ef maður kann sér hof þá sé ég ekkert og persónulega ekkert því til fyrirstöðu að halda þessu áfram þangað til ég dett niður dauður.“



Alltaf í aðalhlutverk.

MERRILD





# Fékk loksins tækifærið

**Guðbjörg Gunnarsdóttir** hefur setið þolinmóð á varamannabekk íslenska kvennalandsliðsins undanfarin ár og tækifærin hafa verið fá. Gullna tækifærið kom hins vegar á EM í Svíþjóð þar sem hún hefur sprungið út og spilað lykilhlutverk í að koma íslenska landsliðinu í átta liða úrslit í fyrsta sinn í sögunni. Þessa atburðarás sá hún vissulega ekki fyrir í byrjun ársins þegar hún lá á sjúkrahúsi með heilahimnubólgu.

## EM KVENNA 2013

Óskar Ófeigur Jónsson  
ooj@frettabladid.is  
Skrifar frá Svíþjóð



Hún er búin að vera í skugganum nær allan sinn landsliðsferil og það vissu kannski fáir hvað virkilega bjó í Guðbjörgu Gunnarsdóttur, eða Guggu eins og hún er alltaf kölluð. Eftir frábæra frammi-stöðu sína á EM í Svíþjóð hefur þessi 28 ára gamli markvörður sýnt það að hún blómstrar á stóra sviðinu og nú þekkir hana örugglega hvert mannsbarn á Íslandi.

Þóra Björg Helgadóttir hefur staðið vaktina í marki íslenska kvennalandsliðsins í nær öllum stærstu leikjum stelpnanna okkar en meidli hennar í aðdraganda Evrópumótsins opnuðu dyrnar fyrir Guðbjörgu Gunnarsdóttur. Fáar þjóðir búa jafnvel í markmannsmálunum og Ísland og það hefur komið vel í ljós í Svíþjóð. Guðbjörg hefur staðið dyggilega á bak við Þóru allan þennan tíma en hún var heldur betur klár þegar kallið kom frá landsliðsþjálfaranum fyrir fyrsta leikinn á EM.

Guðbjörg átti finan leik í jafnteflinu á móti Noregi, frábæran leik í tapi á móti Þýskalandi og nær fullkominn leik í sigrinum á Hollandi þar sem stelpurnar tryggðu sér sæti í átta liða úrslitunum. Hún hefur vaxið með hverjum leik og það leikur enginn vafi á að frammistaða hennar á mikinn þátt í sögulegum árangri íslenska liðsins.

### Aldrei upplifað annað eins

„Þetta er algjör draumur. Þegar það var flautað til leiksloka þá sá ég fólk gráta í kringum mig. Ég held að ég hafi aldrei upplifað svona, í það minnsta ekki með landsliði. Ég held að ég átti mig ekki á þessu fyrr en ég er komin heim,“ segir Guðbjörg.

„Það hjálpar auðvitað að spila leik eftir leik eftir leik. Mér finnst mjög mikill munur núna og í leiknum á móti Noregi í fyrsta leik. Því meira sem maður spilar því öruggari er maður,“ segir Guðbjörg.

Guðbjörg Gunnarsdóttir er 28 ára Hafnfirðingur sem er á sínu fimmta tímabili sem atvinnumaður. Hún hóf ferilinn með FH en fór í Val þegar hún var 17 ára gömul. Frá árinu 2009 hefur hún spilað í Svíþjóð og nú Noregi. En af hverju fór í hún fót-bolta og hvernig endaði hún í markinu?

„Allar vinkonur mínar voru í fót-bolta og við vorum alltaf úti í frímínútum að keppa á móti strákunum. Allar stelpurnar fóru í FH í fót-bolta og allir strákarnir fóru í Hauka í handbolta. Svo vorum við alltaf að reyna að vinna þá,“ segir Guðbjörg brosandí.

„Á fyrsta mótinu mínu þá sagði þjálfarinn við mig: „Þú verður í marki.“ Ég held að ég hafi verið eini krakkinn sem var það klikkaður að vera að skutla sér út um allt. Mér gekk ótrúlega vel í marki strax frá byrjun og auðvitað vill maður vera þar sem maðni gengur vel,“ segir Guðbjörg.

„Ég byrja í FH en eftir mót með 17 ára landsliðinu þar sem við lentum í þriðja sæti þá hafði Valur samband. Það var aldrei aftur snúið eftir það því svo komu bara gullaldarar Vals og það var algjört ævintýri að taka þátt í því. Ég á erfitt með að velja á milli þess í dag hvort ég sé meiri FH-ingur eða Valsari,“ segir Guðbjörg sem varð fjórðum sinnum Íslandsmeistari með Valsliðinu.

### Valdi atvinnumennskuna

„Stefnan var alltaf sett á það að verða atvinnumaður. Ég átti þínu erfitt með að velja á milli því mig langaði líka að fara í háskóla í Bandaríkjunum. Það kom fullt af tilboðum þaðan en við í Val komumst áfram í Evrópukeppnina og það varð áhrifavaldur í mínu



„Ég viðurkenni alveg að það hafa komið tímar og mánuðir þar sem ég hef verið að íhuga það að hætta í landsliðinu.

**SKJÓT VIÐBRÖÐ** Guðbjörg hefur sýnt ótrúleg tilþrif í íslenska markinu á EM í Svíþjóð. Hér ver hún skot þýskrar landsliðskonu í slána.

NORDICPHOTOS/GETTY

lífi. Ég sagði nei við háskólana því þá hefði ég þurft að fara út í ágúst og misst af Evrópukeppninni,“ segir Guðbjörg.

Sænska liðið Djurgården fékk mikinn áhuga á Guðbjörgu eftir að liðið mætti Val í Evrópukeppninni en Guðbjörg fór ekki út fyrr en eftir þrjú ár. „Mér fannst ég of ung þá og ekki tilbúin að flytja ein

út. Ég hélt alltaf góðu sambandi við þá,“ segir Guðbjörg sem fór út árið 2009.


„Þegar ég kom í liðið var þetta einn stærsti klúbburinn í Svíþjóð. Eftir það ár urðu algjör kynslóðaskipti í liðinu og kjarninn í liðinu hætti. Ég held að ég hafi verið eini leikmaðurinn úr byrjunarliðinu sem var eftir. Fjárhagslega ▶

# NÝ ÍSLENSK FRAMLÆIÐSLA





**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



**NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL**



**1995**  
KR kg

KJÖRFUGL Ferskar kjúklingabringur



**695**  
KR kg

KJÖRFUGL Ferskir kjúklingaleggir



**279**  
KR kg

KJÖRFUGL Ferskir kjúklingavængir



**698**  
KR 24 stk

BÓNUS 24 ÍSPINNAR Í KASSA



**759**  
KR kg

KJÖRFUGL Heill ferskur



**KJARNAFÆÐI**

**1398**  
KR. KG

KJARNAFÆÐI  
**ÍSLENSKT HEIÐALAMB**

Með villtum Íslenskum kryddjurtum  
BLÓÐBERG-BIRKILAUF-ADALBLÁBERJALYNG-EINIR



**1498**  
KR. KG

FERSKT UNGNAUTAHAKK



**2398**  
KR. KG

FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK



**79**  
KR. 33cl



**1898**  
KR. 450 gr

FROSID ÞÝSKT- NAUTA T-BONE



**1398**  
KR. 350 gr

FROSIN ÞÝSK- NAUTA KÓTILETTA



**179**  
KR. 2 ltr.



**ÞÝSK NAUTALUND FROSIN**

**3998**  
KR. KG

AFGREIÐSLUTÍMI  
LAUGARDAGUR  
10:00-18:00

**BONUS EKKERT BRUÐL**

Hér færðu veititungda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI  
SUNNUDAGUR  
12:00-18:00



**STUND MILLI STRÍÐA**

Guðbjörg verður í eldlínunni með íslenska landsliðinu á morgun en þá leikur Ísland sinn stærsta landsleik frá upphafi. Stelpurnar mæta þá gestgjöfum Svíþjóðar í fjórðungsúrslitum EM. Leikurinn fer fram í Halmstad og hefst klukkan 13.00.

MYND/NIKO G-SON



Landsvirkjun

## Bíltúr að Búrfelli

Gagnvirka orkusýningin í Búrfellsstöð við Þjórsá er skemmtileg og lærdómsrík fyrir fólk á öllum aldri. Skammt fyrir norðan stöðina standa vindmyllur Landsvirkjunar, þær fyrstu sinnar gerðar á Íslandi. Svo gæti farið að vindmyllur starfi samhliða vatnsaflsvirkjunum og vinni orku úr endurnýjanlegustu orkugjöfum sem völ er á; fallandi vatni og hressandi strekkingi.


**Starfsfólk Landsvirkjunar tekur á móti gestum við vindmyllurnar kl. 13–17 alla laugardaga í júlí.**

**Búrfell**

Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafnu. Opið alla daga í allt sumar frá kl. 10–17.


Akstur frá Reykjavík tekur aðeins um eina og hálfu klukkustund.

[www.landsvirkjun.is/heimsoknir](http://www.landsvirkjun.is/heimsoknir)



3 m/s - raforkuframleiðsla hefst

15 m/s





► var liðið komið í þvílík vandræði. Þeir voru búnir að kaupa svo mikið af stjörnum, sérstaklega árið áður. Þetta var svo dýrt að þetta fór eiginlega bara á hausinn," segir Guðbjörg.

„Þeir þurftu að byrja á núlli en mér leið svo vel þarna að ég vildi halda áfram að taka þátt í þessu. Ég sé ekkert eftir því. Ég var fyrirliði tvö af þeim fjórum árum sem ég var þarna og ég lærði ógeðslega mikið af veru minni. Það var ótrúlega mikið að gera hjá mér undir lokin og ógeðslega leiðinlegt að tapa svona mikið af leikjum. Ég held að ég hafi bara lært svo mikið af þessu sem manneskja og karakter. Það er ótrúlega létt að vera fyrirliði þegar vel gengur en þegar illa gengur þá þarftu að sýna úr hverju þú ert gerð," segir Guðbjörg sem leitaði sér að nýju liði í vetur eftir að Djurgården féll úr deildinni síðasta sumar.

#### Of gott til að vera satt

„Ég fékk nokkur tilboð frá sænskum liðum. Mér fannst ég vera komin með nóg og vildi prófa eitthvað nýtt. Ég var að hugsa um að fara til Rússlands eða Þýskalands en svo bara kom þetta upp með Avaldsnes. Þetta var svo mikið ævintýri og svo spennandi að heyra um aðstöðuna og þennan fjárhags-

legan bakgrunn. Þetta var eiginlega of gott til að vera satt," segir Guðbjörg, sem var gerð að fyrirliða Avaldsnes-liðsins strax á fyrsta ári.

Hún býr ein í Avaldsnes, sem er sex þúsund manna þorp á vesturströnd Noregs. „Ég sakna vissulega Stokkhólms því ég er borgarborn í mér. Avaldsnes og Haugasund hafa sinn sjarma. Þetta er algjör sveit og geggjuð viðbrigði að koma frá því að búa í miðborg Stokkhólms," segir Guðbjörg.

#### Fótbolti er liðsþrótt

Guðbjörg hefur aldrei verið með læti þrátt fyrir fá tækifæri og ávallt staðið við bakið á Þóru. „Þetta er liðsþrótt og maður þarf alltaf að styðja fyrstu ellefu. Það er bara hjálparinn sem ákveður liðið. Það er auðvitað sírt að spila ekki en maður verður bara að virða það og hvetja liðið áfram. Mér finnst ég hafa verið hluti af hópnum," segir Guðbjörg. Guðbjörg spilaði sinn 26. landsleik á móti Hollandi. Hún hefur á sama tíma verið 47 sinnum á bekknum án þess að fá að koma inn á. Í hægri bakverðinum spilaði jafnaldra hennar, Dóra María Lárusdóttir, sem var að spila sinn 93. landsleik.

„Við Dóra María vorum að hlæja að því að við vorum vígðar í sömu ferð og ég held að hún sé bráðum að

fara að detta í hundrað leikina. Ég er búin að vera mjög lengi í landsliðinu án þess að fá stór tækifæri eins og ég hef fengið núna. Nú ætla ég að njóta þess í botn á meðan ég fæ að spila," segir Guðbjörg.

„Það hafa ótrúlega margir verið að styðja við bakið á mér á þessum tíma. Stelpurnar hafa alltaf gefið mér klapp á bakið fyrir að vera svona dugleg að bíða svona lengi. Ég viðurkenni alveg að það hafa komið tímar og mánuðir þar sem ég hef verið að íhuga það að hætta í landsliðinu. Ég er bara keppnismanneskja og ég vil spila. Þetta var ekkert auðvelt en ég gat ekki hætt. Ég hefði þá verið svo mikið að gefast upp. Loksins finnst mér ég vera að uppskera eftir margra margra ára vinnu," segir Guðbjörg.

Það er samt ekki sjálfgefið að fá tækifærið og nýta það með jafnmiklum glæsibrag og Guðbjörg hefur gert á EM. Hún fer líka létt með aukna athygli sem fylgir því að blómstra í sviðsljósinu. „Ég held að það hafi hjálpað mér að vera fyrirliði svona lengi. Þetta er fimmta árið mitt í atvinnumennsku og ég er búin að vera fyrirliði á þremur þeirra. Ég hef oft verið sá sem hefur þurft að standa upp og tala þegar enginn segir neitt. Það er nýtt fyrir mig að vera í þessu hlutverki í landsliðinu því ég hef aldrei

fengið sama tækifæri hér og í mínum félagsliðum," segir Guðbjörg en viðurkennir þó að hún hafi aldrei farið í svona mörg viðtöl og síðustu daga.

En hvernig sér Guðbjörg framtíðina? „Ég er hagfræðingur að mennt svo ég er með smá menntun. Ég gæti alveg hugsað mér að mennta mig meira í þeim bransa. Ég á hins vegar enn þá nokkur góð ár eftir í fótboltanum en ég heyrði það einhvers staðar að kvennamarkmenn blómstri frá 28 ára til 33 ára. Ég vona því að ég eigi mín bestu ár eftir," segir Guðbjörg að lokum.


## LÁ FÁRVEIK INNI Á SJÚKRAHÚSI

Það hefur margt breyst á nokkrum mánuðum því árið byrjaði ekki vel fyrir Guðbjörgu. „Þetta er búin að vera skrytið ár. Ég skipti um lið og ætlaði að sanna mig hjá nýju liði. Ég var komin í form lífs míns áður en ég veiktist. Ég held að það hafi hjálpað mér ótrúlega mikið. Við æfðum tvisvar á dag alla daga og svo fékk ég þetta eins og skot í hausinn að ég væri allt í einu komin með heilahimnubólgu og lá inni á sjúkrahúsi. Ég var fárveik í langan tíma, átti ótrúlega erfitt að koma til baka og var eiginlega ekki komin til baka fyrr en um miðjan apríl," segir Guðbjörg.

#### LÆTUR Í SÉR HEYRA

Markvörður þarf að vera í góðu sambandi við varnarmenn sína.


MYND/NORDICPHOTOS GETTY





**USAIN BOLT**

- Land: Jamaíka.
- Besti tími: 9,58 sek. í Berlín í ágúst 2009.
- Aldrei fallið á lyfjaprófi.

**TYSON GAY**

- Land: Bandaríkin.
- Besti tími: 9,69 sek. í Kína árið 2009.
- Dómur: Ekki búið að kveða upp dómur.
- Efni: Öppgefið.

**TIM MONTGOMERY**

- Land: Bandaríkin.
- Besti tími: 9,78 sek. í París í september árið 2002.
- Dómur: Tveggja ára bann frá 2005-2007.
- Efni: Vaxtarhormón. Hættur keppni. Var dæmdur í fimm ára fangelsi haustið 2008 fyrir sölu á heróíni.

**YOHAN BLAKE**

- Land: Jamaíka.
- Besti tími: 9,69 sek. á Demantamóti í Sviss í ágúst árið 2012.
- Dómur: Þrjú mánaða keppnisbann árið 2009.
- Efni: Örvandi efnið methylhexanamine sem var ekki á bannlista en Blake fékk minniháttar refsingu. Missir af HM í Moskvu vegna meiðsla.

**ASAFA POWELL**

- Land: Jamaíka.
- Besti tími: 9,72 sek. á Demantamóti í Sviss í september árið 2008.
- Dómur: Ekki búið að kveða upp dómur.
- Efni: Örvandi efnið oxilofrine.

# 7 af 10 hröðustu svikahrappar

Frjálsípróttaheimurinn varð fyrir áfalli í vikunni þegar greint var frá því að Asafa Powell og Tyson Gay, tveir af fótfráustu 100 metra hlaupurum heimsins, hefðu fallið á lyfjaprófi. Þegar var þröngt á þingi hjá þeim fljótustu sem gripnir hafa verið glöðvolgir við lyfjaneyslu. Þegar peningar og frægð eru annars vegar munu menn ávallt dansa á línunni segir Donovan Bailey.

Kolbeinn Tumi Daðason  
kolbeinntumi@365.is



Hendið þeim í fangelsi og leyfið þeim að kynna lífinu þar. Við erum að tala um ólögleg lyf. Þegar lögreglan gripur fólk á götunni að neyta ólöglegra lyfja þá er það sent í steininn.“ Þau orð lét Jamaíkamaðurinn Asafa Powell falla í júní 2008 aðspurður hvernig binda ætti endi á lyfjamisnotkun íþróttamanna.

Allt frá því Ben Johnson féll á lyfjaprófinu fræga í Seúl árið 1988 hefur hver hlaupagarpurinn á fætur öðrum farið úr hlutverki hetjunnar í hlutverk skúrksins. Virðist litlu skipta hvaða yfirlýsingar og reiði birtist í orðum þeirra á árum fyrr líkt og í tilfelli Powells hér að ofan. Um leikþátt var að ræða og menn virtust til-



**SIGURSTRANGLEGUR** Usain Bolt fær minni samkeppni en reiknað hafði verið með á heimsmeistarastöðunni í Moskvu í næsta mánuði. Tyson Gay er fallinn og Yohan Blake er frá vegna meiðsla.

NORDICPHOTOS/AFP

búnir að fórnar öllum trúverðuleika fyrir frægð og meðfylgjandi ríkidæmi.

„Ég trú á heiðarleika og þess utan þá myndi mamma drepa mig (ef ég notaði ólögleg efni),“ sagði Tyson Gay í viðtali á heimasíðu lyfjaeftirlits Bandaríkjanna árið 2008. Gay kallaði sjálfan sig „Mr. Clean“ sem á íslensku mætti

nefna „Hinn lyfjalaus“. Í dag biða kollegarnir Powell og Gay eftir því að dómur falli og lengd keppnisbanns þeirra verði ljós.

Tíu hlauparar hafa hlaupið 100 metrana á eða undir 9,80 sekúndum. Af þeim hafa sjö fallið á lyfjaprófi, auk þess sem einn hefur viðurkennt að hafa fjárfest í lyfjum fyrir liðsfélaga. Hlutfallið er ótrúlega hátt og íþróttin

hefur skiljanlega misst mikinn trúverðuleika.

Svo stórt er vandamálið orðið að fólk veltir í fullri alvöru fyrir sér hvort hætta eigi lyfjaeftirliti fyrst svo margir notist við lyf. Vonandi kemur þó aldrei til þess enda á 100 metra hlaup, líkt og aðrar íþróttir, að snúast um hæfileika fólksins á íþróttavellinum en ekki á rannsóknarstofunum.

## HEFUR TRÖLLATRU Á HEIÐARLEIKA USAINS BOLT

Donovan Bailey, fyrrverandi heimsmeðafi í 100 metra hlaupi og Ólympíumeistari í greininni frá því í Atlanta í Bandaríkjunum árið 1996, sagðist í viðtali í vikunni vera dapur, vonsvikinn og í miklu uppnámi vegna tíðinda vikunnar.

„Asafa Powell og Tyson Gay eru reynslumiklir hlauparar. Þeir þekkja reglurnar og hafa verið góðir sendiherrar fyrir íþróttina,“ sagði Bailey. Hann segist ekki skilja hvernig jafnreynslumiklir hlauparar hafi getað komið sér í þessa stöðu. Aðspurður hvers vegna íþróttamenn í fremstu röð neyti lyfja sagði Kanadamaðurinn:

„Í hvert skipti sem peningar og frægð koma nærri verður alltaf reynt að dansa á línunni.“

Bailey sagðist handviss um að hægt væri að ná árangri í fremstu röð án aðstoðar lyfja. Hann sjálfur væri gott dæmi um slíkt og vonaðist til þess að ungir og efnilegir íþróttamenn færu að forðast sínu.


„Engin spurning. Í tíu ár var ég sá besti í heimi og sannaði að góðar æfingar, rétt mataræði, frábærir þjálfarar og miklar fórnir gerðu mér kleift að setja heimsmet og verða bæði heims- og Ólympíumeistari.“

**NESTA CARTER**

- Land: Jamaíka.
- Besti tími: 9,78 sek. í Rieti í Ítalíu í ágúst árið 2010.
- Ranglega var greint frá því að hann hefði fallið á lyfjaprófi ásamt Powell og Gay. Það hefur verið dregið til baka. Hann er til alls vís á HM í Moskvu.

**BEN JOHNSON**


- Land: Kanada.
- Besti tími: 9,79 sek. á Ólympíuleikunum í Seúl í september 1988.
- Dómur: Tveggja ára bann 1988 og síðar bann til lífstíðar 1993.
- Efni: Vefaukandi karlkynssterarnir stanozolol (1988) og testosterón (1993).

**MAURICE GREENE**

- Land: Bandaríkin.
- Besti tími: 9,79 sek. í Aþenu í júní 1999.
- Aldrei dæmdur en viðurkenndi að hafa keypt stera af kringlukastara frá Mexíkó árið 2008. Sagðist hafa keypt þá fyrir aðra íþróttamenn og fullyrði að hann hefði aldrei neytt ólöglegra lyfja. Greene er hættur en hefur starfað í fjölmiðlum og meðal annars stýrt sjónvarpsþætti um frjálsar á Eurosport.

**JUSTIN GATLIN**

- Land: Bandaríkin.
- Besti tími: 9,77 sek. í Doha í Katar í maí árið 2006.
- Dómur: Fjögurra ára bann frá 2006-2010.
- Efni: Vefaukandi karlkynssterarnir testosterón. Hljóp hraðar en Bolt á móti í Róm í júní. Hans helsti keppinautur í Moskvu ásamt Nesta Carter.

**STEVE MULLINGS**

- Land: Jamaíka.
- Besti tími: 9,80 sek. í Oregon í Bandaríkjunum í júní 2011.
- Dómur: Lífstíðarbann árið 2011.
- Efni: Þvagræsilyfið Furosemide.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BRYGGJUHÁTÍÐ

Bryggjuhátíð á Drangnesi fer fram í átjándan sinn í dag. Dorgveiðikeppni í Kokkálsvík, sjávarréttasmakk, markaðsstemming og kórsöngur við frystihúsið er meðal þess sem boðið er upp á. [www.strandir.is](http://www.strandir.is)



### EYKUR SAMKEPPNI

„Það er mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að lyfin frá TEVA standi okkur nú til boða. Það eykur samkeppni á markaði þar sem lyfjaverði hefur verið haldið háu í krafti fákeppni,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur og markaðsfulltrúi LYFIS.

MYND/ARNÞÓR

## LYFIS STÓRLÆKKAR LYFJAKOSTNAÐ

**LYFIS KYNNIR** Samkvæmt nýútgefni skýrslu Sjúkratrygginga Íslands lækkar lyfjakostnaður milli ára um hundruð milljóna. Lækkun kostnaðar skýrist fyrst og fremst af aukinni samkeppni samheitalyfja á lyfjamarkaði.

**E**ftir að hafa unnið markvisst að því síðustu ár er árangurinn hér staðfestur af Sjúkratryggingum Íslands, stærsta greiðanda lyfja. LYFIS hefur skapað mikla verðsamkeppni á samheitalyfjamarkaði síðan fyrirtækið markaðssetti sín fyrstu lyf.

LYFIS er tiltölulega nýtt samheitalyfjafyrirtæki sem kom með sín fyrstu lyf á markað árið 2010. Síðan þá hafa hlutirnir gerst hratt og hefur fyrirtækið nú markaðssett um 70 samheitalyf frá heimsspektum lyfjaframleiðendum. „LYFIS markaðssetti tugi lyfja árið 2012 og skiptir þar mest um lyfin frá TEVA, sem er stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að lyfin frá TEVA standi okkur nú til boða og fjölgar það lyfjum sem í boði er og eykur samkeppni á markaði þar sem lyfjaverði hefur verið haldið háu í krafti fákeppni,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur og markaðsfulltrúi LYFIS. „Auk TEVA-lyfja markaðssettur LYFIS einnig lyf undir heitum Ratiopharm, LYFIS, Bluefish, Krka, BMM pharma, Farmaplus og Medical.“

Fram kemur í skýrslu Sjúkratrygginga að aukin samkeppni sé mikilvæg ástæða fyrir lækkun lyfjaverðs, sem staðfestir það sem LYFIS hefur haldið fram. „Verð á fjölda lyfja hefur lækkað um tugi prósent á stuttum tíma. Dæmi eru um verðlækkunir um allt að 70%. Það er því mjög ánægjulegt fyrir LYFIS að yfirvöld hafa staðfest það sem fyrirtækið hefur haldið fram,“ segir Hákon. „Hér fær heilbrigðiskerfið hundruð milljóna aukalega til ráðstöfunar sem hlýtur að koma sér vel.“

Með tilkomu LYFIS á markað hefur úrval samheitalyfja stóraukist. „Þetta hefur leitt til þess að meira en eitt lyf keppir um að verða ódýrast sem hefur skapað grunn að þeirri samkeppni sem nauðsynleg er til að lækka lyfjaverð,“ segir Hákon. „Þar með hefur aukist að viðskiptavinum apóteka er boðið ódýrara samheitalyf og verður almenn-ingur eflaust meira var við það.“ Að lokum tekur Hákon fram „að ekkert lyf kemst á markað án þess að fá til þess leyfi yfirvalda og að hafa verið ýtarlega metið með tilliti til virkni, gæða og öryggis“.

■ [elin@365.is](mailto:elin@365.is)



**ÁRSSKÝRSLA LYFIS**  
Með tilkomu LYFIS á markað hefur úrval samheitalyfja stóraukist.

**SKÝRSLU SJÚKRATRYGGINGA ÍSLANDS MÁ FINNA Á VEF SÍ**  
„Lyfjakostnaður Sjúkratrygginga 2012“ [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is) -> Um okkur -> Útgáfa og skýrslur -> Skýrslur.

**GUINOT**  
INSTITUT • PARIS

Brúnkukrem + bodylotion  
í einni vöru

**LAIT HYDRABRONZE**

Gefur góðan raka.  
Húðin dekkist með hverri notkun.

SÖLUSTADIR:  
[www.guinot.is](http://www.guinot.is)

**VIETNAM MARKET**  
ALLT FYRIR  
AUSTURLENSKA MATARGERÐ

550 kr.  
387 kr.  
320 kr.  
699 kr.

Opið: mán - föst Kl. 11 - 20  
lau - sun Kl. 12 - 18

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268

**PHO VIETNAMESE**

**HOLLT OG GOTT**

1.695 kr.  
1.490 kr.  
990 kr.

BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU

PHO víetnamskur veitingastaður Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - [www.pho.is](http://www.pho.is)

Opið: mán - föst Kl. 11 - 21  
lau - sun Kl. 12 - 21



# GEÐVEIK MYNDLIST

**PERSÓNULEGT MYNDSKÁLD** *Halla Birgisdóttir útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskólans síðastliðið vor. Í útskriftarverki sínu vann hún með reynslu sína af því að greinast með geðsjúkdóm.*

Þetta byrjaði í raun fyrir tveimur árum þegar ég útskrifaðist af geðdeild eftir erfið veikindi. Ég hafði áhyggjur af því hvort sköpunar-gleðin myndi einhvern tíma koma aftur. Hjúkrunarfræðingur sem ég vann með í bataferlinu benti mér á að þegar íþróttafólk fótbrotnar hleypur það ekki maraþon þegar það losnar úr gífsinu. Allir þurfa tíma til þess að jafna sig og það tekur þá sem hafa veikt andlega líka tíma að koma heilanum aftur í gang,“ segir Halla Birgisdóttir, myndlistarkona.

Hún einsetti sér því að teikna eina mynd á dag í tvo mánuði til að koma sér aftur í gírinn. „Í sumar ákvað ég síðan að taka verkefnið á næsta plan, rifja upp söguna mína og segja frá. Á hverjum degi teikna ég mynd og skrifa texta um reynslu mína af veikindunum. Smám saman þúlast sagan saman og í framtíðinni verður þetta saga um bata. Ég er í rauninni að safna minningum opinberlega; reynslu í formi teikninga og texta.“

## RANNSAKAR UPPHAFSPUNKTINN

Söguna má skoða á heimasíðunni [www.hallamma.tumblr.com](http://www.hallamma.tumblr.com) en segja má að verkefnið sé ákveðið framhald af útskriftarverki Höllu úr Listaháskólanum. Útskriftarverkið nefndi hún „Tók ég eftir því þá eða tók ég eftir því eftir á?“ en það er innsetning með teikningum. Verkið samanstóð annars vegar af stórri blýantsteikningu beint á vegg og þyrpingu af teikningum sem hengu á nærliggjandi vegg. Stóra teikningin sýndi sitjandi konu í doppóttum kjól sem góndi í átt að hinum teikningunum.

Á opnun sýningarinnar var Halla með gjörning þar sem hún gekk inn í doppóttum kjól, líkt og konan á teikningunni klæddist. „Hann var allt of síður á mig og minnti á náttkjól. Ég gekk að veggnum með teikningunum og skrifaði við nokkrar myndanna setningar sem kallast á við titil verksins,“ útskýrir Halla. Verkið er í rauninni tilraun mín til þess að rannsaka með listrænum og persónulegum hætti hvort til sé ákveðið augnablik þar sem sjúklingur eða aðstandendur hans átta sig á því að veikindin eru til staðar.“

Hún segir náttkjólinn hugsaðan sem hlutgervingu geðsjúkdómsins, en slíkum fötum klæðist fólk yfirleitt bara heima hjá sér eða undir fótunum. „Ef ekkert er gert stækka þeir og verða óþægilegir,“ bætir hún við.

## PERSÓNULEGUR HEIMUR

Margir velta eflaust fyrir sér hvers vegna Halla ákveður að vinna opinberlega með svo persónulega reynslu. „Að einhverju leyti er ástæðan sú að það hjálpar mér að skilja, en aðallega er þetta rosalega góður efniviður. Þótt þetta sé mín saga eru margir sem hafa gengið í gegnum svipaða hluti,“ segir hún og bætir við að nauðsynlegt sé að höfða til hins sammannlega þegar unnið er með persónulega reynslu í myndlist. Þannig verði persónulegur heimur listamannsins aðgengilegur áhorfendum eða lesendum.

## BETRA AÐ TALA UM HLUTINA

Halla segist hafa orðið vör við aukna umræðu um geðsjúkdóma í samfélaginu. „Ég held að þetta sé allt að koma til. Það er ekki langt síðan að maður vissi ekki einu sinni að þunglyndi og geðhvarfasýki væru til,“ segir hún en bætir við að umræðan mætti vera jákvæðari.

Halla segir að fordómar samfélagsins tengist aðallega notkun geðlyfja. „Fyrir manneskju sem þarf á lyfjum að halda til þess að „fúnkera“ í daglegu lífi getur þetta verið erfitt. Manni líður eins og hálfgerðum aumingja að þurfa að taka lyf og leita til læknis en geta ekki bara harkað þetta af sér. Ef maður er sárlasinn er gott að fara til læknis, ekki síst ef að um andleg veikindi er að ræða. Þau geta dregið fólk til dauða algveg eins og líkamleg veikindi.“

Að öðru leyti segist Halla ekki finna fyrir fordómum þegar hún talar um veikindi sín, heldur vekir það fremur áhuga fólks og aðdána. „Eftir að ég byrjaði að vinna með þetta komu sífellt fleiri sem þökuðu mér fyrir að segja frá. Margir hafa treyst mér fyrir þeirra eigin geðrænu vandamálum eða vilja spjalla við mig um fjölskyldu-meðlimi sem eru veikir. Það er alltaf betra að tala um hlutina, þá líður



## HLUTI AF SKÖPUNINNI

Halla segir að í upphafi hafi ekki verið auðvelt að opna sig á þennan hátt í myndlistinni en nú sé það orðinn eðlilegur hluti af sköpuninni.

manni einhvern veginn betur,“ segir hún og brosir. „Á blogginu mínu reyni ég svo að fjalla um þessa hluti á einlægan og jarðbundinn hátt. Ég skef ekki utan af erfiðu augnablikunum, en vil líka vekja athygli á þeim fallegu og jafnvel myndum.“

## FEIMNIN HVERFUR

Á tímabili barðist Halla við félagsfælni og hefur að sögn alltaf verið feimin. Í upphafi var því ekki auðvelt að opna sig á þennan hátt í myndlistinni, en hún segir að nú sé það orðinn eðlilegur hluti af sköpuninni. „Að vera opinska í myndlistinni hefur hjálpað mér að opna mig sjálf og verða minna feimin,“ segir hún og rifjar upp eitt af fyrstu skrefunum sem hún tók í þessa átt. Það var á námskeiði á Seyðisfirði fyrr á þessu ári. „Þar las ég texta eftir sjálfa mig um reynslu mína. Ég var rosalega stressuð og fannst erfitt að opinbera mig fyrir framan svona mikið af fólki,“ segir hún og bætir við að eftir á að hyggja sé hún ánægð með að hafa stigið út fyrir þægindahringinn og

viðbrögðin hafi verið afar jákvæð. „Ég frétti til dæmis af unglingum á Seyðisfirði sem fannst mikið til verksins koma og tengdu við það. Þeim fannst gott að sjá að hægt væri að komast út úr því aftur að líða svona. Þarna hefur verkið mitt kveikt hugsun og viðbrögð og þá finnst mér það vera vel heppnað.“

## NÁMSKEIÐ Í KASTALA

En hvað tekur við eftir útskrift? „Ég sá auglýst námskeið hjá sumarakademíu í Salzburg sem mér fannst eins og sniðið fyrir mig. Skólagjöldin eru mjög há en ég sótti um styrk fyrir þeim um leið og ég sótti um pláss á námskeiðinu. Ég ákvað að ef ég fengi styrkinn myndi ég fara.“ Halla hlaut styrkinn og er því á leið til Salzburg í ágúst. „Námskeiðið er haldið í kastala. Það gerist varla ævintýralegra en það,“ segir Halla og hlær. „Svo hef ég sótt um að sýna á nokkrum stöðum og stefni á að halda ótrauð áfram í myndlistinni meðfram því að vinna fyrir salti í grautinn.“

MYND/ARNÞÓR BIRKISSON

## SPARK Í RASSINN

*Halla heldur úti Facebook-síðu undir nafninu Halla Birgisdóttir – myndskáld þar sem hún setur regluleg inn efni sem hún er að vinna að. „Mér finnst það smá spark í rassinn að halda áfram að vinna í myndlistinni og frásögninni minni þegar ég veit að það er fólk sem bíður spennu eftir því að fylgjast með,“ segir Halla og brosir.*

**SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN**  
Grænahlið  
sælureitur í Lóni  
Hamingju- og hlífðarvænting

**Stóra sumarblaðið fullt af hugmyndum**

